# FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSING

269. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 22. DESEMBER 2020


# ALLAR BARNABÆKUR




**Hetja**
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð: 4.999.-

**Barnaræninginn**
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð: 4.999.-

**Skógurinn**
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð: 4.999.-

**Þín eigin undirdjúp**
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð: 4.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki 2016 2020

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildir til og með 22. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn | Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildir til og með 22. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# FRÉTTABLAÐIÐ

269. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 22. DESEMBER 2020




Jólakötturinn á Lækjartorgi hefur mikið aðdráttarafl og að honum flykkjast fullorðnir og börn. Eru þetta þriðju jólin sem hinn vel upplýsti köttur gerir sig heimakominn á torginu. Grýla og Leppalúði mættu á Lækjartorg er kveikt var á kettinum í fyrsta sinn. Þau voru fjarri góðu gamni í þetta sinn enda skæðari óværa á kreiki um þessar mundir en köttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Gísli í Gamma kærður fyrir hættulega atlögu

**Fyrrverandi sambýliskona Gísla Haukssonar, annars stofnanda og fyrrverandi eiganda fjárfestingafélagsins GAMMA, hefur kært hann til lögreglunnar. Hún gefur Gísla að sök að hafa þrengt hættulega fast og lengi að hálsi hennar.**

**LÖGREGLUMÁL** Gísli Hauksson, annar stofnenda GAMMA Capital Management, hefur verið kærður til lögreglu fyrir lífshættulega atlögu að konu. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins. Ekki náðist í Gísla við vinnslu fréttarinnar.

Kærandinn er fyrrverandi sambýliskona Gísla en hinn kærði atburður er sagður hafa átt sér stað í vor á sameiginlegu heimili þeirra.

Samkvæmt heimildum blaðsins er Gísla gefið að sök að hafa beitt konuna ofbeldi, tekið hana kyrkingartaki og þrengt hættulega fast og lengi að hálsi hennar.

Rannsókn málsins er á frumstigi, en í málum af þessum toga er alla jafna aflað vottorða og annarra læknisfræðilegra sönnunargagna, auk skýrslna sem taka þarf af kæranda, kærða og öðrum vitnum eftir atvikum.

Fréttablaðið hefur ekki fengið staðfest hvort tekin hafi verið skýrsla af Gísla vegna rannsóknarinnar, en nokkrar vikur eru liðnar frá því málið var kært til lögreglu.

Gísli lét af störfum hjá GAMMA árið 2018. Hann átti þó rúmlega 30 prósenta hlut í félaginu þegar það var selt til Kviku banka fyrir 2,4 milljarða sumarið 2018. Hann mun hafa fengið hundruð milljóna króna fyrir hlut sinn í félaginu.

Gísli er formaður fjármálaráðs Sjálfstæðisflokksins sem annast fjáröflun flokksins og situr í framkvæmdastjórn hans. **– aá**

## Þetta sá Gunnar

**MENNING** Í Fréttablaði dagsins er birt úrval teikninga Gunnars Karlssonar frá árinu sem er að líða. Samtals eru teikningarnar 24 þar sem þjóðþekktar persónur koma við sögu. Þar má sjá íslenska stjórnmálamenn, íþróttakempu, Boris Johnson, bresku drottninguna og Karl Bretaprins, aðila vinnumarkaðarins, þríeykið og frambjóðendur í nýafstöðnum forsetakosningum í Bandaríkjunum.



Gunnar er lesendum blaðsins að góðu kunnur, en teikningar hans birtast í blaðinu á laugardögum og hefur svo verið um langa hríð. Viðfangsefni teikninga Gunnars eru málefni líðandi stundar, bæði hér heima og annars staðar.

**– jþ** **/ sjá síðu 20 og 22**

## Óhugnanleg læti

**NÁTTÚRUHAMFARIR** „Við horfum bara á þetta koma. Þessi læti voru óhugnanleg,“ segir Seyðfirðingurinn Daníel Björnsson. Hann hefur nú fengið að fara heim ásamt konu sinni Jóhönnu Magnúsdóttur og sonum.



**Daníel Björnsson**

Daníel var að störfum hjá Smyril Line þegar stóra skriðan féll. „Manni fannst fjallið vera bara að fara niður.“ Hann segist hafa heyrt frásagnir af svona atburðum en enginn skilji þetta fyrr en hann hefur upplifað.

Nokkrir íbúar sem Fréttablaðið ræddi við á Seyðisfirði segja að þeir upplifi óöryggi heima hjá sér. Daníel skilur áhyggjur þeirra vel. Áfall þeirra sé mikið sem búa þar sem skriðurnar féllu. **– mhj** **/ sjá síðu 6**

Gleðileg jól

Við óskum landsmönnum öllum gleði og gæfu á komandi ári með þökkum fyrir viðskiptin á líðandi ári.

HEKLA







Margrét Erlendsdóttir, upplýsingafulltrúi heilbrigðisráðuneytisins.

# Samningar við Jansen öruggir

**COVID-19** Heilbrigðisráðuneytið segir öruggt að samningur um bóluefni frá lyfjafyrirtækinu Janssen gangi eftir og verði undirritaður í dag. „Rétt eins og með önnur bóluefni liggur fullvissa um bóluefnið og virkni þess ekki afdráttarlaus fyrir fyrr en EMA hefur gefið út álit sitt,“ segir í svari frá Margréti Erlendsdóttur, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins, við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Fram kom í gær að aðeins einn skammt þurfi af bóluefni Janssen. „Framleiðandinn hefur upplýst ráðuneytið um að ef reynist þörf á að bólusetja einstaklinga tvisvar með efninu verði umsaminn skammtur tvöfaldaður þannig að Íslandi verða tryggðir skammtar sem duga fyrir 235 þúsund manns, hvort sem þarf að bólusetja einu sinni eða tvisvar og er það án viðbótarkostnaðar,“ undirstrikar ráðuneytið.

**Ef þarf að bólusetja tvisvar með lyfi Janssen verði umsaminn skammtur tvöfaldaður án kostnaðar.**

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins veitti í gær markaðsleyfi fyrir notkun bóluefnis frá Pfizer og BioNtech. Tæplega tíu þúsund skammtar af lyfinu eru væntanlegir til Íslands 28. desember.

Þá hefur komið fram að samið hafi verið um 230 þúsund skammta af bóluefni AstraZeneca en að komutími sé óviss. Spurt hvort ekki hafi verið hægt að semja um komutíma segir ráðuneytið ríkin sem taki þátt í samstarfi Evrópusambandsins öll sitja við sama borð.

Áætlað er að samið verði um bóluefni frá Moderna um áramótin. Ráðuneytið segir ekki ástæðu til að ætla að samningurinn sé í hættu. „Vissa er fyrir því að um töluverðan fjölda skammta er að ræða en ráðuneytið mun ekki gefa út hve mikið fyrr en fullvissa er fyrir fjöldanum,“ segir upplýsingafulltrúinn. – **fbl**

# Bræður kaupa jólatré



Nú eru aðeins tveir dagar til aðfangadags og ekki seinna vænna að koma jólatré ársins í hús. Þessir þrír kampakátu bræður mættu í þeim erindagjörðum á jólatréssölu Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík við Öskjuhlíð og gekk þeim vel að verða ásáttir um val á normannsþin. Sjálfsagt verður ekki síður gaman að koma skrautinu fyrir. Afar góð sala hefur verið á jólatrjám á aðventunni samkvæmt upplýsingum söluaðila. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Var uppdópuð á 153 km hraða



**DÓMSMÁL** Kona á þrítugsaldri var í gær dæmd í Héraðsdómi Reykjaness fyrir síendurtekinn akstur undir áhrifum fíkniefna og án ökuréttinda. Hún á að greiða rúmlega 1,7 milljónir króna í sekt eða sæta 52 daga fangelsi ella.

Brotin voru framin 28. febrúar til 17. ágúst á þessu ári. Föstudaginn 28. febrúar var konan stöðvuð við akstur á Hverfisgötu í Reykjavík og mældist amfetamín í blóði hennar 2.100 ng/ml en 170 ng/ml eða meira telst sem mikið. Þann 19. maí ók hún undir áhrifum amfetamíns og kannabiss á 153 kílómetra hraða á Suðurlandsveg í Ölfusi.

Konan missir nú bílprófið í fimm ár. Auk sektarinnar þarf hún að borga yfir milljón króna í sakarkostnað. – **uö**




Þekkirðu lyfin þín?

Fáðu faglega aðstoð lyfjafræðings

Komdu eða pantaðu tíma í síma **517 5500** eða sendu póst á **lyfsalinn@lyfsalinn.is**

LYFSALINN
og þér líður betur

**GLÆSIBÆ / OPIÐ** 08:30-18:00 mán.- fös.
Sími 517 5500 / lyfsalinn@lyfsalinn.is

**VESTURLANDSVEGI / OPIÐ** 10:00-22:00 alla daga
Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is

**URÐARHVARFI / OPIÐ** 08:30-18:00 mán.- fös.
Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is


# Bók sem fæddist seint um nótt úti á svölum

**Dear Self, eftir Sillu Berg, er komin út og er í búðarhillum í London og Bandaríkjunum. Bókin fæddist í Vancouver og á ensku. Silla segist því miður vera betri í að skrifa á ensku en íslensku. Íslensk forlög höfðu ekki áhuga á bókinni.**

**BÓKMENNTIR** „Það er mjög gaman að bókin sé loksins komin út,“ segir Sigurlaug Birna Leudóttir, eða Silla Berg en nýlega kom út bókin hennar Dear Self sem gefin er út af hinu framsækna forlagi Austin Macauley í London. Bókin fæddist í Vancouver þar sem Silla var að læra handritsgerð fyrir fimm árum.

„Ég sat á svölunum hjá mér í Vancouver, rétt rúmlega fimm um morguninn, af því ég hafði séð marga tala um hvaða ráð maður hefði verið til í að gefa sjálfum sér sem unglingur. Ég sat og skrifaði bréf til unglingssjálfsins míns og það var byrjunin á þessu öllu saman,“ segir Silla.

Síðan bættist í bréfin og skrifaði Silla til fortíðar-, nútíma- og framtíðarsjálfs síns og setur hún samtölin upp eins og þau séu spjall á skilaboðaskjóðu Facebook, Messenger. Alls telur bókin 170 síður.

„Ég held að ég sé eiginlega betri í að skrifa á ensku, því miður. Þetta byrjaði í Vancouver og á ensku og þróaðist á ensku þannig að ég hélt mig við enskuna,“ segir Silla aðspurð hvers vegna bókin sé ekki á íslensku. Hún bendir líka á að forlögin á Íslandi hafi ekki verið ýkja spennt er hún sendi þeim drögin. „Mér var tjáð að það væri enginn markhópur fyrir svona bók.“

Austin Macauley stökk á vagninn og titlar bókina sem sjálfsævisögu.

Silla segir að sér finnist skemmtilegast að segja góða sögu. Það sé samnefnari yfir það sem hún hafi lært. Fyrir utan að hafa lært handritsgerð hefur hún einnig staðið fyrir framan myndavélina sem leikkona, meðal annars í Ófærð.

„Ég tjái mig betur þegar ég er að skrifa heldur en að segja hlutina upphátt en mér finnst öðruvísi skemmtilegt að leika og fá að vera einhver persóna og segja sögu. Þetta er eiginlega bæði betra,“ segir hún og vitnar í slagorð Homeblest.



Silla með Dear Self sem Austin Macauley gefur út. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

**Kannski reyni ég við ljóðin næst.**

Silla Berg rithöfundur

Silla skrifaði undir bókasamning við Austin Macauley í fyrra. Vegna heimsfaraldursins seinkaði útgáfunni. Hún segir að hún gæti ekki verið stoltari af sjálfri sér vegna þess hversu vel hafi gengið.

„Nú er tíminn þannig að maður veit í raun ekkert. Ég er aðeins að byrja að vinna að íslenskri þáttaröð sem er á frumstigi. Kannski reyni ég við ljóðin næst,“ segir Silla.

Dear Self er að finna í búðarhillum Waterstones í London, hjá Barnes & Noble í Bandaríkjunum og á netinu hjá Amazon.

**benediktboas@frettablaid.is**

# JÓLAMATURINN FÆST Í NETTÓ



-40%

**Hamborgarhryggur**
**1.070** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.784 KR/KG

ÍSLENSKT LÁTTU ÞAÐ GANGA
KJÖTSEL



-25%

**Hangilæri**
Úrbeinað
**2.354** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.139 KR/KG



-35%

**Wellington nautalund**
**5.849** KR/KG
**ÁÐUR:** 8.999 KR/KG



-30%

ÍSLENSKT LÁTTU ÞAÐ GANGA

**Okkar laufabrauð**
8 stk
**1.049** KR/PK
**ÁÐUR:** 1.499 KR/PK

NÝTT Í NETTÓ!



**Hátíðar nauta ribeye**
Hjúpað í trufflusmjöri
**6.459** KR/KG

## KALKÚNN Í JÓLAMATINN



GOTT VERÐ!

**Heill kalkúnn**
Franskur
**1.399** KR/KG



-50%

**Sænsk skinka**
**1.060** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.119 KR/KG



-15%

**Humar hátíðarsúpa**
850 ml
**1.470** KR/PK
**ÁÐUR:** 1.729 KR/PK

Heilsuvara vikunnar!



-25%

**Döðlur**
Himnesk Hollusta - 500 gr
**518** KR/PK
**ÁÐUR:** 690 KR/PK

**Græn vínber**
**625** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.249 KR/KG



nettó
Lægra verð – léttari innkaup



## JÓLAINNKAUPIN
hafa aldrei verið eins leikandi létt.
Þú færð jólasteikina á **netto.is**

**Tilboðin gilda 22.–24. desember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



Um 27 prósent borgarbúa vilja hjóla í vinnuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Milljarðar fara í nýja hjólastíga

**SAMGÖNGUR** Áætlaður heildarkostnaður vegna hjólreiðastígaframkvæmda á næsta ári í Reykjavík verður um 1,7 milljarðar. Leggja á 10,3 kílómetra af stígum.

Helstu göngu- og hjólastígaverkefni sem eru í undirbúningi fyrir árið 2021 voru kynnt á fundi skipulags- og samgönguráðs. Fulltrúar meirihlutans bókuðu að gangi áætlanir eftir verði Reykjavík hjólreiðaborg á heimsmælikvarða.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sögðu nýlegar mælingar sýna að nær 27 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu myndu helst hjóla í vinnu.

„Það er mikilvægt að svara þessari eftirspurn og bregðast við þessari jákvæðu þróun – en til þess þarf Reykjavíkurborg að ráðast í raunverulega stórsókn í lagningu nýrra hjólastíga,“ segir í bókun flokksins sem kvaðst harma að einungis hluti þeirra stíga sem voru tilbúnir til framkvæmda fyrir 2021 væri á nýsamþykktri fjárhagsáætlun borgarinnar. Aðeins 2,2 prósent af fjárfestingum 2021-2025 fari í hjólastíga. „Sjálfstæðisflokkur hefði viljað ganga lengra, fullfjármagna alla stígana og styðja enn betur við hjólreiðabyltinguna í Reykjavík.“ **– ab**

## Fleiri mál til barnaverndar

**REYKJANESBÆR** Á fundi barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar í gær kom fram að tíu prósenta aukning hefði verið í tilkynningum sem bárust fyrstu ellefu mánuði ársins. Aukningin er þrátt fyrir fækkun mála í nóvember milli ára.

Í nóvember bárust barnaverndarnefnd 46 tilkynningar vegna 36 barna. Alls voru átján ný mál í könnun í nóvember. Á sama tíma í fyrra voru málin 50, börnin 45 og 23 ný mál í könnun. Flestar tilkynningar voru frá lögreglunni.

Alls hefur nefndin skoðað 397 mál á fyrstu ellefu mánuðum ársins. Til samanburðar voru málin 361 á á sama tíma í fyrra. **– kpt**

# Sjómennska lögmæt forföll fyrir bæjarstjórnarmann

**KÓPAVOGUR** Forsætisnefnd Kópavogsbæjar hefur komist að þeirri niðurstöðu að Guðmundur Gísli Geirdal, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hafi ekki brotið siðareglur með fjarveru sinni á fundum bæjarstjórnar á tímabilinu júní til október 2020. Málið verður afgreitt í bæjarstjórn í dag.

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, bæjarfulltrúi Pírata, óskaði eftir úrskurði nefndarinnar í síðasta mánuði, var málinu vísað til bæjarlögmanns. Guðmundur sagði ástæðuna vera að hann væri á sjó, það hefði legið fyrir þegar hann bauð sig fram. Það hitti þannig á að hann þyrfti að vera á sjó þegar voru bæjarstjórnarfundir.



**Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, bæjarfulltrúi Pírata**

Sigurbjörg Erla sagði það eðlilegt að Guðmundur færi í leyfi á meðan hann sinnti öðrum störfum.

Í bréfi Salvarar Þórisdóttur lögfræðings hjá Kópavogsbæ til nefndarinnar segir að það liggi fyrir að bæjarfulltrúum sé skylt að taka þátt í bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli. „Í lögskýringargögnum er tekið, sem dæmi um önnur óviðráðanleg atvik, að sveitarstjórnarmanni sé nauðsynlegt að vera fjarverandi vegna anna í launaðri vinnu eða eigin atvinnurekstri,“ segir í bréfinu. Það liggi fyrir að Guðmundur Gísli sé sjómaður og það hafi hist svo á að hann hafi þurft að vera á sjó þegar fundir hafi verið. Það séu lögmæt forföll og honum því ekki skylt að taka þátt í fundunum. **– ab**

# Meira en helmingi fleiri leita aðstoðar vegna barna í vanda

**Berglind Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Foreldrahúss, segir ráðgjafa finna fyrir þungum tón í samtölum við foreldra. Meira en helmingi fleiri hafi leitað aðstoðar þar í haust samanborið við árið á undan. Að sögn Berglindar eykst notkun fíkniefna og ekki sést að dragi úr hópamyndum meðal ungmenna.**



Þessi ungmenni skemmtu sér áhyggjulaus í miðborg Reykjavíkur löngu fyrir daga COVID-19. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

**SAMFÉLAG** Í október aðstoðaði Foreldrahús foreldra yfir fimm hundruð barna, samanborið við rúm tvö hundruð í október í fyrra. Starfsfólki hefur verið fjölgað.

„Við höfum fundið fyrir mjög þungum tón yfirleitt í samtölum okkar, það eru margir sem eiga mjög erfitt í þessu ástandi,“ segir Berglind Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Foreldrahúss.

„Það er mjög erfitt fyrir börn og unglinga sem eru til dæmis með greiningar, þegar allt skipulag fer úr skorðum,“ segir Berglind. Mörgum foreldrum reynist erfitt að setja unglingum mörk þegar skóli og tómstundir eru ekki til staðar.

Líkt og fram hefur komið hafa margir framhaldsskólanemendur átt erfitt með að einbeita sér að námi þegar því þarf að sinna heima fyrir. Berglind kannast við það.

„Það hafa margir lýst því að vera heima á náttfötunum allan daginn, kveikja á tölvunni og þykjast sinna náminu. Það upplifa margir ákveðið tilgangsleysi, sumir leita þá á vafasamar brautir,“ segir Berglind. „Skólaskipti frá grunnskóla og yfir í menntaskóla, það er ekki mikið um félagslíf eða nýja vini sem tengjast skólanum, það reynist erfitt.“

Þá er talsvert um neyslu meðal ungmenna.

„Við sjáum talsverða aukningu í notkun spice og kannabisefni eru auðvitað til staðar. Efni sem nóg framboð er af,“ segir Berglind. Þrátt fyrir samkomutakmarkanir hafi ekki dregið úr hópamyndunum og flakki hjá unglingum í vanda. „Þeim sem eru að fikra sig á þessa braut er alveg sama um einhvern faraldur.“

> Það hafa margir lýst því að vera heima á náttfötunum allan daginn, kveikja á tölvunni og þykjast sinna náminu. Það upplifa margir ákveðið tilgangsleysi, sumir leita þá á vafasamar brautir.



Berglind Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Foreldrahúss

Berglind segir dæmi um að foreldrar finni efni hjá unglingum sem standa sig yfirleitt vel í lífinu. „Þau neita yfirleitt alltaf að eiga efnin.“

Vandinn við spice er að það er ekki hægt að kaupa próf.

„Við ráðleggjum alltaf, ef unglingurinn kemur heim undir miklum áhrifum efna, að fara beint niður á bráðamóttöku og láta tékka á þeim,“ segir Berglind. „Það er bæði til að skera úr um hvað þau voru að nota og líka til að gera þeim grein fyrir að þetta er alvarlegt mál.“

Hefur Berglind tekið eftir aukinni hörku í hópum unglinga, sérstaklega er kemur að því að taka upp slagsmál til að dreifa á samfélagsmiðlum.

Leggur Berglind mikla áherslu á að fylgst verði með unglingunum yfir hátíðarnar, hafa reglu á matmálstímum og gera eitthvað með þeim, þannig að þeir vilji vera heima með fjölskyldunni.

„Nýta samveruna til að rækta tengslin við börnin og unglingana. Þetta er erfiður tími en það má ekki gefa eftir að fylgjast vel með þeim,“ segir hún. „Ekki hika við að hringja í foreldrasímann okkar, 581-1799.“

**arib@frettabladid.is**


ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBOÐSAÐILI

Jeep

RAM

FIAT

ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

BREYTINGAR Á JEEP®, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM

ALLIR BÍLAR SÓTTHREINSAÐIR

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323



Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla



Úrval af felgum fyrir Jeep® og RAM



Upphækkunarsett í Wrangler



Upphækkunarsett í RAM



Falcon demparar

Varahlutaverslun ÍSBAND býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og íhluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérpöntum varahluti í aðra USA bíla.

ARE AEV FALCON TERAFLEX

ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 18:00 • OPIÐ FÖSTUDAGA 07:45 - 17:00

# KRÓNAN

Ekkert ves í des

# OPIÐ Í DAG

# 9-22

**OPIÐ 9-20** á Hvolsvelli,
Reyðarfirði, Vestmannaeyjum,
Vík og Þorlákshöfn.

**OPIÐ**
**AÐFANGADAG**
**9-15**

Afgreiðslutímar á www.kronan.is


Snjór féll á Austurlandi í fyrrinótt og mjöllin lagðist yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hluti íbúa snýr heim en fjöldi á um sárt að binda

**NÁTTÚRUHAMFARIR** Rétt rúmur helmingur Seyðfirðinga hefur fengið leyfi til að snúa aftur til síns heima á meðan hinn helmingurinn sem býr á hættusvæði þarf að finna sér annan samastað yfir hátíðirnar.

Snjór féll á Austurlandi í fyrrinótt og hefur verið kærkomin sjón fyrir marga eftir aurskriðurnar síðustu daga. Næturfrostið dugði þó ekki til að hægt væri að aflétta hættuástandi í stórum hluta bæjarins.

Seyðisfjörður var rýmdur á föstudaginn í síðustu viku og voru einungis viðbragðsaðilar á ferð í bænum um helgina. Í gærmorgun var ásýndin hins vegar önnur við komuna inn í bæinn og mátti sjá heimamenn að spjalla á götum úti eða á leið í heimsókn til vina og vandamanna.

Hluti þeirra íbúa sem búa á hættusvæði fékk einnig að fara á heimili sín í fylgd björgunarfólks til að sækja eigur sínar og nauðsynjavörur.

Björgunarfólk fór með íbúa á sérútbúnum bílum inn á hættusvæðið á meðan aðrir björgunarsveitarmenn fylgdust grannt með fjallshlíðinni úr fjarlægð. Ekki voru allir svo lánsamir þar sem enn er lokað fyrir alla umferð á sumum svæðum.

Fréttablaðið birti í gær viðtal við Jafet Sigfinnsson en hann og fjölskylda hans sluppu með naumindum frá skriðunni en þau eru meðal þeirra sem fá ekki að sækja eigur sínar fyrir jól.

Hús fjölskyldunnar liggur í miðju skriðusvæðinu við hlið Framhússins sem skriðan gjöreyðilagði.
**– mhj**




# Opnuðu hjálparmiðstöð á Seyðisfirði

**NÁTTÚRUHAMFARIR** Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra opnaði hjálparmiðstöð á Seyðisfirði þegar ákveðið var að hleypa hluta af íbúum aftur heim. Heimamönnum og björgunarsveitarfólki var boðið upp á kvöldmat á sunnudeginum og hádegismat þar í gær en hjálparmiðstöðin er einnig til staðar fyrir þá sem vilja sækja sér áfallahjálp.

„Við vorum með opið fyrir þá sem vildu koma. Viðbragðsaðilar Rauða krossins og þar á meðal áfallateymið voru á svæðinu ef einhverjir vildu koma í spjall eftir að hafa komið hingað niður eftir,“ segir Guðný Drífa Snæland, sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum.

Guðný segir að samheldni Seyðfirðinga síðustu daga hafi verið ótrúleg en fólk hefur verið að koma saman í Egilsstaðaskóla síðustu daga. Að sögn Guðnýjar mátti sjá þar íbúa sem eldað hafa grátt silfur í mörg ár í faðmlögum síðustu daga. **– mhj**


Bríet Finnsdóttir og Jarþrúður Hólmdís, sjálfboðaliðar hjá Rauða krossinum, undirbúa hádegismat í hjálparmiðstöðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Fjölskyldan að Leirubakka flutti heim til Seyðisfjarðar á ný í fyrradag og mun halda jólin hátíðleg þar. Frá vinstri: Jóhanna Magnúsdóttir, Bjarki Sólon Daníelsson, Gabríel Daníelsson og Daníel Björnsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Drunurnar úr fjallinu ómuðu um allan fjörð

**Daníel Björnsson segir mikla velvild og samheldni ríkja meðal Seyðfirðinga í kjölfar náttúruhamfara þar eystra. Fyrrverandi vinnuveitandi hafi boðið fram gistingu í sumarbústað utan við Egilsstaði þar til ástandið væri liðið hjá.**

**NÁTTÚRUHAMFARIR** Daníel Björnsson, sem er fæddur og uppalinn á Seyðisfirði, fékk að fara aftur heim ásamt eiginkonu sinni Jóhönnu Magnúsdóttur og sonum þeirra Gabríel og Bjarka Sóloni.

Daníel var að störfum hjá Smyril Line er stóra skriðan féll. Hann segir upplifunina hafa verið hálf ótrúlega.

„Við horfðum bara á þetta koma. Þessi læti voru óhugnanleg,“ segir Daníel en drunurnar úr fjallinu ómuðu um fjörðinn er skriðan féll. „Manni fannst fjallið bara vera að fara niður. Þetta er rosalega skrýtið. Maður hefur heyrt svona frásagnir en maður skilur þetta ekki fyrr en maður upplifir þetta. Þegar maður upplifir þessa hræðslu er það fyrsta sem manni dettur í hug að vilja komast í burtu,“ segir Daníel.

> **Þegar upplifir þessa hræðslu er það fyrsta sem manni dettur í hug að vilja komast í burtu.**
>
> Daníel Björnsson

Þó nokkrir Seyðfirðingar sem Fréttablaðið hefur rætt við síðustu daga hafa sagt að þeir upplifi sig ekki örugga heima hjá sér lengur. Daníel skilur áhyggjur þeirra vel enda áfallið mikið hjá þeim sem búa á stöðum þar sem skriðurnar féllu.

„Ég skil það vel. Sérstaklega þeir sem eru hinum megin á skriðusvæðinu. Eins og skriðan sem kom, þetta er ekki eitthvað sem menn reiknuðu með,“ segir Daníel en hann bjó á árum áður á hættusvæðinu.

Velvild og samheldni Seyðfirðinga hefur verið ótrúleg síðustu daga að mati Daníels. Þegar allir þurftu að yfirgefa heimili sín hringdi fyrrverandi vinnuveitandi hans í hann og bauð honum og fjölskyldunni að gista í sumarbústað rétt fyrir utan Egilsstaði á meðan ástandið liði hjá.

Daníel segir ánægjulegt að koma heim en fjölskyldan býr nokkuð fjarri skriðusvæðinu. Hann segist upplifa sig öruggan heima hjá sér og ætlar fjölskyldan að halda jól á Seyðisfirði. **mhj@frettabladid.is**

# HÁTÍÐ Á HAFNARTORGI

Næg bílastæði í bílakjallaranum,
ekið inn frá Geirsgötu.

HAFNARTORG
REYKJAVÍK

H&M HOME
Optical Studio
MAIKA'I REYKJAVÍK
COS
ICE + FRIES GLACIERFIRE
HIÐ ÍSLENZKA REÐASAFN • THE ICELANDIC PHALLOLOGICAL MUSEUM
COLLECTIONS
GK REYKJAVIK
JOE & THE JUICE COFFEE, JUICE AND MUCH MORE
GALLERIA REYKJAVÍK
H&M
POP UP STORE BLUE LAGOON ICELAND
MICHELSEN 1909






# Telur vindorkumastur ógna útivistarsvæðinu

**Vinstri græn kusu gegn samstarfsflokkum sínum í meirihluta byggðarráðs Norðurþings varðandi rannsóknarmastur við Húsavíkurfjall. Fulltrúi VG segir mastrið raska ásýnd og skila litlu. Þess utan sé orkuþörfin ekki mikil.**


**Húsavíkurfjall og nágrenni er mikið útivistarsvæði.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**NORÐURÞING** Meirihluti sveitarstjórnar í Norðurþingi er ekki á einu máli um uppsetningu könnunarmasturs fyrir vindorkuver við Húsavíkurfjall. Á fundi byggðarráðs á fimmtudag lagðist Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna og forseti sveitarstjórnar, gegn því að gengið yrði frá samkomulagi við fyrirtækið Qair Iceland.

Vinstri græn eru í meirihlutasamstarfi við Sjálfstæðisflokk og Samfylkingu. Fulltrúar minnihlutans voru einnig samþykkir málinu, þannig að Vinstri græn voru ein á móti. Kolbrún neitar því að málið sé mikið þrætuepli innan meirihlutasamstarfsins.

„Við getum stundum verið sammála um að vera ósammála,“ segir hún. „Það var líka skilningur fólks á fundinum að aðeins væri verið að gefa leyfi fyrir rannsóknum en ekki uppsetningu vindorkugarðs.“

Fréttablaðið greindi frá því fyrir ári að franska orkufyrirtækið Qair, þá Quadran, hefði fengið stöðuleyfi fyrir rannsóknum á Hólaheiði í Núpasveit. Í samtali við Tryggva Þór Herbertsson, sem sér um fjárfestingar fyrir Qair, kom fram að verið væri að skoða staðsetningarkosti en ekkert væri fast í hendi.

Mastrið sem nú á að reisa, norðaustan við Húsavíkurfjall, er vitaskuld mun nær byggðinni á Húsavík en Hólaheiði, þótt það muni ekki sjást frá bænum.

Kolbrún segir að Vinstri græn leggist ekki gegn vindorkuverum sem slíkum heldur staðsetningunni.

„Þegar ég fór að skoða fyrirhugaða staðsetningu, umfang og fleira sá ég að þetta var mjög nálægt útivistarleiðum, þar sem fólk gengur og hjólar,“ segir hún. „Ég gat ekki kosið með því að heimila þetta rannsóknarmastur vitandi að ég myndi ekki samþykkja að setja upp vindmyllugarð á þessum stað.“

> Ég gat ekki kosið með því að heimila þetta rannsóknarmastur vitandi að ég myndi ekki samþykkja að setja upp vindmyllugarð á þessum stað.
>
> Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, forseti sveitarstjórnar



Búist er við því að mastrinu verði komið fyrir strax á næsta ári. Kolbrún bendir á að þó að það muni ekki sjást úr bænum breyti það ásýnd útivistarsvæðisins og muni sjást vel þegar keyrt er út úr bænum. Útivistarsvæðið er í uppbyggingu og mikið notað, til dæmis af hjólreiðaklúbbnum, og skotsvæðið er ekki langt undan.

Þá telur Kolbrún orkuþörfina ekki vera mikla, raskið töluvert og ávinninginn lítinn fyrir byggðarlagið, hvort sem er fjárhagslega séð eða atvinnulega.

„Ég get ekki séð að við fáum mikið fyrir þetta,“ segir hún og bendir á að rafmagnsmannvirki séu undanþegin fasteignaskatti. Vissulega þurfi mannskap við að reisa vindmyllurnar en starfsemin kalli ekki á mikinn mannafla til lengri tíma.

Þar sem um tímabundið rannsóknarverkefni er að ræða þurfti ekki umhverfismat, en það mun þurfa ef ákveðið verður að setja upp vindorkugarð.

**kristinnhaukur@frettabladid.is**

UMHVERFIS STOFNUN

## Áform um friðlýsingu

Umhverfisstofnun, í samstarfi við landeigendur og sveitarfélagið Borgarbyggð, kynnir áform um friðlýsingu **Borgarvogs í Borgarbyggð** sem friðlands í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Áformin eru kynnt í samræmi við málsmeðferðarreglur 2. og 3. mgr. 36. gr. náttúruverndarlaga, sbr. 2. mgr. 38. gr. laganna en gert er ráð fyrir að svæði sem ekki eru á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár skuli kynnt sérstaklega.

**Frestur til að skila athugasemdum** við áformin er til og með 21. febrúar 2021. Frekari upplýsingar er að finna á ust.is.

Athugasemdum við áformin má skila á vef Umhverfisstofnunar, með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.



# Mikill ávinningur fyrir börn og eldri borgarana

**ÁRBORG** Á bæjarráðsfundi Árborgar á dögunum var rædd sú hugmynd að brúa bil milli leikskólabarna og aldraðra í sveitarfélaginu. Málið er nú hjá fræðslunefnd sveitarfélagsins.


**Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Árborgar.**

Bæjarstjóri Árborgar, Gísli Halldór Halldórsson, virtist hrifinn af hugmyndinni þegar Fréttablaðið ræddi við hann.

„Ég held að þetta væri virkilega holt fyrir samfélagið og börnin að reyna að finna einhvern flöt á þessu. Það er ekki augljós kostur í stöðunni núna, við erum að byggja nýjan sex deilda leikskóla sem er ekki nálægur eldri borgara heimili en þetta er þörf og góð umræða. Þetta er önnur leið í mótun barna að einstaklingum,“ segir Gísli.

Bergþóra Haralds Eiðsdóttir kynnti hugmyndina fyrir bæjarráðinu. Þar er meðal annars stungið upp á einkareknum leikskóla með tilheyrandi starfsfólki í íbúðarkjarna aldraðra með sameiginlegum matsal. Báðir hópar gætu nýtt svæðið og samskiptin milli hópanna myndu aukast.

„Ég er sannfærður um að þetta gæti með réttu formi auðgað málgetu barna og veitt þeim breiðari innsýn í venjulegt líf. Leikskólastarfsmenn eru að vinna frábært starf eftir bestu þekkingu og að gera góða þegna úr börnunum okkar en það er svolítið í uppsettu umhverfi. Með þessu væri hægt að skapa stemmingu eins og var á gömlu fjölskylduheimili og gæti það verið ákveðinn fjársjóður,“ segir Gísli og tekur undir að þetta gæti brotið upp daglegt líf eldri borgara.

„Já, ég er sannfærður um að þeir eldri borgarar sem myndu taka þátt í þessu myndu líka fá heilmikinn ávinning úr þessu verkefni. Það eru mikil verðmæti í því að þau fái að hafa aukin persónuleg og mannleg samskipti.“

Sífellt fleiri flytja á Selfoss, sérstaklega barnafjölskyldur. Það eykur þörfina fyrir leikskólapláss.

„Það hefur mikil fólksfjölgun átt sér stað síðustu ár, hátt í 25 prósent á þremur árum og það er ekkert að hægjast á því. Ef við myndum gefa okkur nokkur ár í að móta þessa hugmynd myndum við örugglega geta komið þessu í framkvæmd ef haldið verður rétt á spöðunum,“ segir bæjarstjórinn. **– kpt**




Falleg gjöf
Þú færð allt frá Bitz í Vogue og á Vogue.is
Vogue
FYRIR HEIMILIÐ
VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

„Þetta er svo mikil snilld.“

ANNA MARGRÉT ÓLAFSDÓTTIR OG GYÐA SIGFINNSDÓTTIR
SKÚFFUSKÁLD




„... þá er söguþráðurinn upp á tíu. Hvert einasta atriði hans er úthugsað og bókin heldur lesandanum rækilega við efnið.“

RAGNHILDUR ÞRASTARDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

Spennandi og fyndin saga eftir metsöluhöfundinn **Gunnar Helgason.**

Myndir eftir Lindu Ólafsdóttur.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is**





**Vegum hefur verið breytt í bílastæði til þess að bregðast við öngþveitinu í Bretlandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Uppnám eftir að tugir ríkja loka Bretland úti

**Frakkar, Spánverjar, Þjóðverjar og tugir annarra ríkja lokuðu á samgöngur við Bretland vegna nýs afbrigðis kórónaveirunnar þar. Breska ríkisstjórnin segir mat og lyf berast áfram til landsins og varar Breta við áhlaupi á verslanir.**

**BRETLAND** Boris Johnson forsætisráðherra kallaði ríkisstjórn sína saman á neyðarfund eftir að lönd byrjuðu að loka á umferð til Bretlands vegna nýs afbrigðis kórónaveirunnar þar í landi.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur hvatt ríki heims til að hefta útbreiðslu afbrigðisins sem fannst í september og er sagt vera um 70 prósent meira smitandi.

Frakkar lokuðu á allar samgöngur við Bretland, þar á meðal í gegnum Ermarsundsgöngin, hvort sem það eru almennar farþegasamgöngur eða vöruflutningar. Spánverjar, Þjóðverjar, Ítalir, Danir, Indverjar, Kanadamenn og um 30 önnur ríki hafa lagt niður flugferðir eða bannað aðkomur frá Bretlandi, ef undanskildir eru eigin borgarar.

„Við munum hafa auga á afbrigðinu en megum ekki bregðast of harkalega við,“ sagði Anthony Fauci, sóttvarnalæknir Bandaríkjanna, við CNN. Bandaríkin hafa ekki sett auknar takmarkanir á samgöngur við Bretland.

Algjört öngþveiti ríkir í breskum höfnum og óttast er að alvarlegur vöruskort verði yfir hátíðirnar.

» Um 17 þúsund vörubílar eru fastir í Bretlandi.

Verslanakeðjan Sainsbury's gaf út yfirlýsingu til að vara neytendur við því að sumar vörur gætu klárast í hillum næstu dagana, svo sem ýmist grænmeti og ávextir.

„Við vonumst til þess að ríkisstjórnir Bretlands og Frakklands geti komist að samkomulagi sem felur í sér forgang matvælaflutninga í höfnunum,“ segir í yfirlýsingunni. Flest innflutt matvæli komi frá eða í gegnum Frakkland en verið sé að reyna að finna aðrar leiðir.

Um 17 þúsund vörubílar eru nú fastir í Bretlandi og margir þeirra bíða í löngum röðum í Suður-Englandi eftir að banninu verði aflétt, með tilheyrandi röskun á almennri umferð. Sumum vegum hefur verið lokað eða breytt í bílastæði. Í bílunum eru vitaskuld ökumenn sem vilja komast heim fyrir jól.

Breska ríkisstjórnin hefur hvatt landsmenn til þess að flykkjast ekki í verslanir og kaupa upp vörur í óðagoti. Ítrekað var að Bretland yrði ekki matvælalaust og að landið hefði aðrar leiðir til þess að nálgast matvæli og lyf.

Lokunin gæti hins vegar ekki komið á verri tíma. Vöruflutningar eru meiri en ella vegna hátíðanna og aðeins rúm vika í að aðlögunartímabili útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu ljúki. Johnson hefur enn neitað að framlengja tímabilið og sagt Bretum að búa sig undir samningsleysi í janúar.

Smásalar í Bretlandi hafa varað viðskiptavini sína við því að skortur gæti orðið á einhverjum vörum eftir áramót og að verð á öðrum, til dæmis ostum, gæti hækkað um tugi prósenta. Þeir voru þegar byrjaðir að birgja sig upp af varningi frá Evrópusambandsríkjum og hugðust halda því áfram fram að áramótum. Lokunin setur það hins vegar í uppnám og því útlit fyrir enn frekari skort og verðhækkanir.

Leiðtogar Evrópusambandsríkjanna funduðu í gær um stöðuna í Bretlandi. Rætt var um samræmingu aðgerða og leiðir til þess að verslun og viðskipti gætu átt sér stað á sem áhættuminnstan hátt.

**kristinnhaukur@frettabladid.is**

# Trump hvergi óvinsælli en á Íslandi

**ALÞJÓÐAMÁL** Samkvæmt nýrri heimskönnun Gallup er Donald Trump Bandaríkjaforseti hvergi óvinsælli en á Íslandi. Hér á landi bera aðeins 5 prósent traust til hans en 81 prósent segist vantreysta forsetanum. 14 prósent höfðu ekki skoðun á verkum hans.

Aðeins 18 prósent svarenda í könnuninni, sem náði til 29 landa, bera traust til Trumps. Er þetta það minnsta sem Bandaríkjaforseti hefur mælst með hjá Gallup síðan kannanir hófust, árið 2006. Mest mældist traust til Trumps í Albaníu, 56 prósent, sem jafnar þó það lægsta sem forsetinn hefur mælst með þar í landi.

Öfugt er farið með traust til Angelu Merkel Þýskalandskanslara. Mældist hún með 62 prósenta traust sem er það mesta sem kanslari hefur mælst með í 14 ár. Á Íslandi mældist 57 prósenta traust til Merkel, sem



**Aldrei fyrr hefur Bandaríkjaforseti mælst jafn óvinsæll.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

jafnar það mesta. Íslendingar eru alls ekki meðal þeirra þjóða sem bera mest traust til Merkel. Hins vegar vantreysta henni aðeins 7 prósent landsmanna.

Hæst mældist hún í Hollandi, með 87 prósenta traust, og Norðurlöndin fylgja þar á eftir. Merkel mældist

» Fimm prósent Íslendinga treysta Donald Trump.

með 56 prósenta traust í Bandaríkjunum og 32 prósent í Rússlandi. Í Íran mældist hún með minnst traust, aðeins 30 prósent. **– khg**


MARGARITA
HAWAIIAN
skinka og ananas
Pizza Hut
3 STÓRAR GJÖRSAMLEGA
ÚT Í HUT
Minna álegg, miklu lægra verð!
Þú sækir stóra Margarita-, Pepperoni-
eða Hawaiian-pönnupizzu
1.699 KR
pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2–4 Hafnarfirði
PEPPERONI

## ÁRIÐ Í VÍSINDUM

# Stórar áskoranir í vísindum og tækni

**Vísindamenn hafa látið til sín taka á þessu merka vísindaári. Samstillt átak varð til þess að bóluefni fannst við COVID-19 faraldrinum. Íslenskir vísindamenn létu heldur ekki sitt eftir liggja. Fréttablaðið stiklar á stóru í því helsta í vísindum og tækni á árinu.**

### Miklar loftslagsbreytingar

Miklir skógareldar settu svip sinn á árið. Síðasta vetur voru miklir skógareldar í Ástralíu og í mars birtu vísindamenn hjá veðurrannsóknastofunni World Weather Attribution rannsókn sem sýnir fram á að loftslagsbreytingar af mannavöldum hafi skapað aðstæður sem gerðu skógarelda 30 prósentum líklegri en ella.

Í ágúst greindu svo vísindamenn í Brasilíu frá að skógareldar þar í landi hefðu aukist um 28 prósent milli ára. Breskir vísindamenn birtu í ágúst rannsókn sem sýnir að 28 trilljón tonn af ís hafi horfið af yfirborði jarðar síðustu 30 ár. Í byrjun desember tilkynnti Alþjóðaveðurfræðistofnunin að árið sem er að líða sé eitt það heitasta á jörðinni frá upphafi mælinga.

Jarðvísindamenn við Háskóla Íslands komust að því að íslenskir jöklar hafa tapað sem nemur 16 prósentum af rúmmáli sínu á undanförnum 130 árum, þar af helmingnum á síðasta aldarfjórðungi.

### Elstu bein Homo erectus

Í febrúar greindu vísindamenn við Háskólann í Tel Avív frá tilvist Henneguya zschokkei, fyrsta dýrsins sem vitað er til að hafi ekki hvatbera og notar því ekki súrefni. Um er að ræða sníkjudýr sem býr í vöðvum laxa. Mun það vera fjarskyldur ættingi marglyttu sem hefur þróast frá því að þurfa súrefni. Ekki liggur fyrir hvernig dýrið fer að því að búa til orku.

Við uppgröft skammt frá Jóhannesarborg í Suður-Afríku árið 2015 fundu ástralskir vísindamenn það sem þeir töldu vera hauskúpu af bavíana. Í ár kom í ljós að um er að ræða elstu bein Homo erectus, forvera mannsins, og eru beinin rúmlega tveggja milljóna ára gömul. Hjálpar fundurinn við að halda áfram að greiða úr okkar flókna ættartré.

### Óregla í svefni ungmenna

Í ár lauk yfirgripsmiklu og áralöngu rannsóknarverkefni vísindamanna og doktorsnema á Menntavísindasviði Háskóla Íslands á heilsuhegðun ungra Íslendinga. Í ljós kom að einungis tíu prósent fimmtán ára ungmenna ná átta klukkustunda viðmiðunarsvefni á virkum dögum og óregla í svefnlengd hópsins tengist hærri fituprósentu og hærra hlutfalli á kviðfitu. Þá eru þau ungmenni sem verja minni tíma en jafnaldrar við tölvu- og símaskjái og hreyfa sig oftar ólíklegri til að greina frá einkennum um andlega vanlíðan.

Önnur rannsókn leiddi í ljós að íslensk ungmenni nota í meira mæli geð- og taugalyf án þess að hafa fengið þau ávísuð af lækni.

### Mikið að gera hjá Musk

Fyrsta mannaða geimskot Bandaríkjanna í tæpan áratug var í maí, þá skaut Falcon 9 eldflaug SpaceX Crew Dragon geimfarinu á loft með geimförunum Robert Behnken og Douglas Hurley. Um var að ræða fyrsta mannaða geimskot SpaceX, sem er í eigu auðkýfingsins Elons Musk. Í nóvember fóru svo fjórir geimfarar út í geim á vegum SpaceX.

Fleira var á döfinni hjá Musk á árinu. Fyrirtæki hans, NeuraLink, vinnur nú að því að finna leiðir til að tengja mannsheilann beint við tölvu. Í ágúst tilkynnti Musk að búið væri að prófa frumgerð heilaígræðslu í svínum.

Um tíu þúsund landsmenn gáfu rúmlega 300 þúsund raddsýni í verkefninu Samrómur og mun þetta safn verða notað til að kenna tölvum og tækjum að skilja íslenska tungu. Þar á meðal tóku um 1.500 nemendur og starfsmenn grunnskóla landsins þátt og gáfu um 150 raddsýni í keppni á milli skólanna.

### Erfðaefni risaeðlu?

Í kvikmyndunum um Júragarðinn tókst vísindamönnum að fá hluta úr erfðaefni risaeðla með því að finna risaeðlublóð í moskítóflugu sem varðveittist í rafi. Raunveruleikinn er öllu flóknari en skref í þessa átt var stigið í ár. Með því að skoða steingervinga sem varðveist hafa merkilega vel síðustu 70 milljónir ára fundu vísindamenn í Norður-Karólínu útlínur fruma sem kunna að vera gen. Ekki hefur tekist að staðfesta hvort hægt sé að vinna erfðaefni úr útlínunum en niðurstöðurnar gefa til kynna að meira leynist í steingervingum en hægt er að sjá með berum augum.

Í sumar greindu fornleifafræðingar frá Mexíkó og Oxfordháskóla frá niðurstöðum vinnu sinnar við Chiquihuite-helli í Mexíkó. Gefa niðurstöður rannsókna þeirra til kynna að mannfólk hafi búið þar fyrir 33 þúsund árum, fram til þess var talið að mannfólk hefði fyrst komið til Ameríku fyrir um 13 þúsund árum í lok ísaldar. Niðurstöðurnar byggja á verkfærum sem fundust í hellinum. Engar mannaleifar frá þessum tíma hafa fundist til þessa.



Skógareldur nærri strönd á Spáni í júlí. Rannsóknir sýna að þeim fjölgar vegna loftslagsbreytinga. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

### Öflugir vísindamenn

Lotta María Ellingsen, dósent í rafmagns- og tölvuverkfræði í HÍ, vinnur að spennandi verkefni en hún þróar ásamt samstarfsfólki sjálfvirkar myndgreiningaraðferðir til að finna lífmerki í byggingu heilans sem leitt gætu til betri og fyrri greiningar á heilabilunarsjúkdómum. Verkefnið vann til Vísinda- og nýsköpunarverðlauna Háskóla Íslands á árinu.

Hafrún Kristjánsdóttir, dósent við íþróttafræðideild Háskólans í Reykjavík, og María Kristín Jónsdóttir, dósent við sálfræðideild, hafa undanfarin ár stýrt viðamiklum rannsóknum á afleiðingum heilahristings meðal íslenskra íþróttakvenna. Í ár kom fram að meðal kvenna sem hafa hlotið heilahristing í íþróttum mælist aukin tíðni þunglyndis og kvíða og minni lífsgæði. Áhrifin eru greinilegri því oftar sem íþróttakonurnar segjast hafa fengið heilahristing.

Arnar Jan Jónsson, doktorsnemi við Háskóla Íslands, vann rannsókn sem talin er geta kollvarpað núverandi hugmyndum um langvinnan nýrnasjúkdóm. Rannsóknin bendir til að fyrri rannsóknir á sjúkdómnum hafi ofmetið algengi hans þar sem ekki hefur verið tekið nægjanlegt tillit til aldurstengdra breytinga á nýrnastarfsemi.

Agnar Helgason og Kári Stefánsson unnu rannsókn sem birt var í vor þar sem kom í ljós að rekja megi um tvö prósent af erfðamengi hvers Íslendings til Neanderdalsmanna, athygli vekur að Íslendingar bera ekki endilega sömu búta.



Vísindamenn voru fljótir að hefja vinnu við að finna bóluefni gegn kórónaveirunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

### Bóluefni hefur aldrei verið þróað jafn hratt

Um leið og búið var að bera kennsl á veiruna sem veldur COVID-19 hófu vísindamenn um allan heim að vinna að þróun bóluefnis. Í mars kom í ljós að kórónaveiran SARS-CoV-2 veiran, sem veldur COVID-19, megi rekja til náttúrunnar, líklega leðurblöku. Í september voru meira en 200 bóluefni komin í prófanir.

Í apríl birtu vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar og Landspítala rannsókn þar sem kom í ljós að 0,8 prósent fólks í samfélaginu væru smituð sem benti til að einkennalausir geti verið smitberar. Niðurstöður rannsóknar vísindamanna við Háskólann í Reykjavík sýna að líðan ungmenna hefur versnað eftir því sem liðið hefur á faraldurinn. Í desember var svo birt rannsókn Íslenskrar erfðagreiningar um að börn undir 15 ára aldri séu helmingi ólíklegri en fullorðnir til að smitast og smita aðra.

Aldrei áður í sögunni hefur bóluefni verið þróað jafn hratt og nú, en venjulega tekur ferlið rúman áratug. Það sem skiptir öllu máli í ferlinu er að bóluefnið sé öruggt og veiti góða vernd gegn sjúkdómnum. Íslendingar munu bráðum fá fyrstu sendingu af bóluefni sem þróað er af þýska fyrirtækinu BioNTech og framleitt af Pfizer. BioNTech var stofnað af hjónunum Ugur Sahin og Özlem Türec. Í janúar las Sahin grein um COVID-19 í vísindatímaritinu Lancet og hóf teymi þeirra í Mainz hjóna strax að þróa bóluefni. Í nóvember leiddu þriðja stigs rannsóknir í ljós að það veitti góða vörn gegn veirunni.



Íslenskir vísindamenn komust að því að jöklar hafa tapað sem nemur 16 prósentum af rúmmáli sínu á undanförnum 130 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



SpaceX Falcon 9 eldflaug tók á loft í nóvember með fjóra geimfara um borð. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

» Tíu þúsund Íslendingar gáfu um 300 þúsund raddsýni í safn sem kenna á tölvum að skilja íslensku.



Gestur á risaeðlusýningu í Tókýó virðir fyrir sér fyrirbærin. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# ÞÚ FÆRÐ JÓLABÓKINA HJÁ OKKUR!



*Stefán Máni*
Höfundur

**„Þegar Stefáni Mána tekst best upp er hann bestur á sínum [velli]“**
Þorgeir Tryggvason gagnrýnandi

★★★★

**„Engin [jólabókanna] er eins spennandi frá byrjun til enda og Dauðabókin“**
SG, Morgunblaðið




VERÐ:
**4.699.-**

**Dauðabókin**
Verð áður: 4.699.-




**Krakkalögin okkar**
**TILBOÐSVERÐ: 3.999.-**
Verð áður: 5.999.-




**Tíu skref**
**TILBOÐSVERÐ: 3.999.-**
Verð áður: 5.999.-




**Höfuðbók**
**TILBOÐSVERÐ: 4.699.-**
Verð áður: 6.999.-




**Hellirinn**
**TILBOÐSVERÐ: 2.699.-**
Verð áður: 3.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 22. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Hágæða Franskir ostar í miklu úrvali

## Camembert • Brie • Truffluostar • Geitaostar







**Hagkaups Papriku & chili sulta og Sultaður rauðlaukur**
**Tilvalið á ostana**

verð frá **549** kr/stk




verð frá **599** kr/stk




**Fumagalli**
**Ítölsk hráskinka**

verð frá **899** kr/pk




**Mosa Hreindýrapate**
**Góð viðbót á veisluborðið**

Það besta frá Ítalíu



**Franchi**
**Hágæða salami og pylsur sem trylla bragðlaukana**

verð frá **599** kr/stk




**Hagkaup**
**Tilbúið Ris a la mande**

**599** kr/stk




**Debic ísblanda og Créme Brulée**

**1.299** kr/stk




**Hagkaup**
**Waldorf salat**

**799** kr/stk

24

**Dreifum álaginu - minnkum biðraðir**

Við hvetjum viðskiptavini að nýta sér langan opnunartíma eftirfarandi Hagkaups verslana:

- Skeifa og Garðabær - opið allan sólarhringinn.
- Spöng, Eiðistorgi og Akureyri - 08:00 til 00:00 alla daga.

# Meira sælkera




**Tilbúin Hátíðarsósa**
**Þarf aðeins að hita**

**499** kr/stk

## Hagkaups Hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum úr gæða hráefni. Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups. Hann er saltminni og þarf því einungis að elda í ofni.




**Tilbúin kalkúnasósa**
**Þarf aðeins að hita**

**579** kr/stk

## Smjörsprautað kalkúnaskip

Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.




**Tilbúinn jafningur**
**Þarf aðeins að hita**

**499** kr/stk

## Hagkaups hangikjötið

Tað og birkireykt fyrsta flokks íslenskt lambakjöt. Í hangikjötið er notað 45% minna salt en notað er við hefðbundna hangikjötsframleiðslu. Engu að síður hefur tekist að framleiða hangikjöt með sama bragði.

HAGKAUP

# Ráðríku náttúruöflin



Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Rétt fyrir jól í miðjum heimsfaraldri erum við enn og aftur minnt á að við megum okkar lítils þegar kemur að náttúruöflunum.

Fullyrða má að hugur landsmanna hafi frá því í síðustu viku verið hjá Seyðfirðingum þar sem stórar aurskriður hafa fallið, hrifsað með sér mannvirki og skilið eftir sár í blómlegri og fallegri byggð.

Í fyrsta sinn frá árinu 1973, þegar Heimaey var rýmd í Vestmannaeyjagosinu, reyndist nauðsynlegt að rýma heilt bæjarfélag. Íbúum var gert að halda til Egilsstaða þar sem tekið var á móti þeim í fjöldahjálparmiðstöð.

Ljóst er að eyðileggingin er gríðarleg og ein sú almesta sem orðið hefur á menningarminjum hér á landi. Enda nokkur þeirra húsa sem urðu aurnum að bráð yfir aldargömul auk þess sem húsnæði Tækniminjasafnsins er gjörónýtt og fyrirséð að einstök verðmæti sem safnið hýsti hafi skemmst.

Það er mikil mildi að ekki hafi orðið manntjón í þessum miklu hörmungum og heyra má á bæði sjónarvottum og sérfræðingum að í raun sé það eins konar kraftaverk. Hús sem voru utan rýmingarsvæðis urðu fyrir flóðinu og fólk sem taldi sig á öruggum stað bjargaðist naumlega.

Ársins 2020 verður minnst sem árs heimsfaraldurs COVID-19 en ekki var langt liðið á árið þegar snjóflóð féllu á Flateyri, þar sem höfnin varð undir því fyrra en hús í efri byggð því seinna. Ungri stúlku var giftusamlega bjargað og í helgarblaði Fréttablaðsins, daginn eftir að stór skriða féll á Seyðisfjörð, birtist viðtal við móður stúlkunnar. Móðirin, Anna Sigríður Sigurðardóttir, hélt ró sinni á magnaðan hátt á meðan dóttur hennar var leitað á heimili þeirra sem varð undir flóðinu.

Í téðu viðtali sagði hún frá því hvernig bakslagið eftir áfallið hafi komið seinna og þá af fullum þunga. Hún missti starfsþrek og hefur undir lok árs ekki enn snúið til fullra starfa.

Íbúar Seyðisfjarðar sem margir hverjir náðu ekki að taka neitt með sér þegar bærinn var rýmdur, segjast aldrei munu gleyma móttökunum sem þeir fengu á Egilsstöðum. Íbúar og fyrirtæki í Fljótsdalshéraði og víðar buðu fram aðstoð sína og allir lögðust á eitt við að hjálpa nágrönnum sínum. Íslendingar mega eiga það að þegar virkilega gefur á bátinn rísa þeir upp og standa saman og hefur söfnun Rauða krossins sem sett var af stað til handa Seyðfirðingum nú þegar náð yfir þrjár milljónir.

**En fólk sem missti allar eigur sínar, óttaðist um ástvini sína og rauk út fáklætt í myrkri og kulda með börnin sín, jafnvel haldandi að það væri að upplifa sína hinstu stund, jafnar sig ekki á einni nóttu.**

En fólk sem missti allar eigur sínar, óttaðist um ástvini sína og rauk út fáklætt í myrkri og kulda með börnin sín, jafnvel haldandi að það væri að upplifa sína hinstu stund, jafnar sig ekki á einni nóttu.

Höfum í huga að slíkt áfall getur haft langvarandi áhrif og jafnvel komið fram löngu síðar. Seyðfirðingar eru margir hverjir enn ekki komnir heim. Sumir munu ekki fá að fara heim fyrir jól og enn aðrir vilja það ekki, treysta ekki lengur heimili sínu og heimabænum. Þau fara kannski aldrei aftur heim.

Hugur okkar er hjá ykkur.





## Halldór





## Frá degi til dags

**Hrist en ekki hrært**

**Það er að renna upp fyrir ráðamönnum að líklega þurfti einhverjar kanónur til að hrista nóg bóluefni úr erlendu risunum. Líkt og jólasveinn með tóman skó á slopp og inniskóm í Hagkaup í nótt voru menn fullseinir að koma öllu í verk. Ísland á öflugt fólk sem hægt er að kalla til á ögurstundu, eins konar Hvolpasveit eða Avengers. Kári Stefánsson, Guðni Th., Vigdís Finnboga og Ólafur Ragnar hringja í alla áhrifamenn sem eru á annað borð með síma. Hafþór Júlíus heimsækir hina sömu og segir ekkert. Ef þarf að smyrja einhvern öxul þá er hægt að ræða við menn um að beita „töfrum“ sínum í skiptum fyrir smá „hagræðingu“ hjá ríkinu.**

**Sænska leiðin**

**Samfylkingin hefur tekið í notkun „sænsku leiðina“ við uppstillingu á lista, þá fá flokksmenn að senda „ráðgefandi atkvæði“ til uppstillingarnefndar sem velur hver er sænskastur. Atkvæðin verða ekki gerð opinber. Má bera þetta saman við önnur úrræði flokka. Píratar mata öll gögn um sitt fólk inn í tölvu sem spýtir út listum. Sjálfstæðismenn halda sig við gamlar hefðir, mæta með peninga og raðað er á lista eftir hæð staflans. Svo er Framsóknarleiðin, þar eru Lilja og Sigurður Ingi efst. Aðrir eru valdir af handahófi eftir minni.**

# Sól hækkar á lofti



Lilja Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Menntaárið 2020 fer í sögubækurnar. Ekki aðeins vegna óvenjulegra aðstæðna, heldur miklu frekar vegna viðbragðanna og þess ótrúlega árangurs sem skólasamfélagið náði í sameiningu. Nemendur sýndu elju, kennarar fagmennsku og skólastjórnendur úthald ásamt öðrum sem starfa í menntakerfinu. Fjölskyldur þeirra allra stóðu á hliðarlínunni og hvöttu sitt fólk áfram, í baráttunni við sterkan andstæðing.

Auðvitað markaðist skólastarf af aðstæðunum. Grunnskólabörn hafa mætt í skólann frá upphafi faraldurs og námsárangur framhaldsskólanema er í mörgum tilvikum betri en á hefðbundnu skólaári. Þá lítur það einnig út fyrir að brotthvarf sé minna en vanalega. Ekki verður þó litið fram hjá þeirri staðreynd að unga fólkið hefur ekki fengið félagsþörfinni fullnægt og þannig farið á mis við mikilvægan þátt á sínum mótunarárum. Við það verður að una í bili, en með samstöðu þjóðarinnar allrar getum við sigrast á aðstæðunum á nýju ári og tryggt aukið félagslíf fyrir okkur öll.

Frá því heimsfaraldurinn tók skólastarf í gíslingu hafa kennarar og skólastjórnendur hugsað í lausnum. Lagað kennsluefni og -aðferðir að nýjum veruleika og láta ekkert stöðva sig á menntaveginum. Þetta sást greinilega um liðna helgi, þegar útskriftir fóru fram í fjölmörgum skólum. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum hélt rafræna útskrift, Kvennaskólinn í Reykjavík bauð útskriftarnemum til sín og streymdi útskriftarathöfninni til aðstandenda, á meðan Tækniskólinn færði útskriftarnemum sín prófskírteini heim að dyrum – þaðan sem nemendur tóku spariklæddir þátt í rafrænni athöfn. Þetta eru aðeins örfá dæmi af mörgum þar sem hugsað er í lausnum en ekki vandamálum. Slíkan þankagang þakka ég af heilum hug.

**Það er bjart fram undan og við eigum að vera stolt yfir því sem hefur áunnist.**

Vetrarsólstöður voru í gær. Þá hætti sól að lækka á lofti og nú tekur hún að hækka á ný. Það er táknrænt fyrir tímamótin sem við erum að upplifa. Það er bjart fram undan og við eigum að vera stolt yfir því sem hefur áunnist.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Leigjendur verði eigendur



**Eyþór Arnalds**
oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Félagsbústaðir eru með 2.923 íbúðir, en þegar félagið var stofnað 1997 voru þær 828. Gríðarlega stórt félag. En stórt félagslegt kerfi er ekki endilega mælikvarði á gott ástand. Þvert á móti er það einkenni þess að vandinn fari vaxandi. Betri mælikvarði er að horfa á hversu margir komast út úr kerfinu. Þar eru tölurnar ekki uppörvandi. Aðeins 1% komast út úr kerfinu á ári. Langflestir þeirra sem þurfa á félagslegum stuðningi að halda vilja komast í betri stöðu. Eiga eigin íbúð. Vera öruggari með sitt. Þess vegna viljum við gera fólki kleift að eignast húsnæðið sem það leigir nú. Halda í heimilið en öðlast frelsi.

Þeir sem leigja hjá Félagsbústöðum þurfa að vera undir ákveðnum tekjuviðmiðum. Eru með öðrum orðum í ákveðinni fátæktargildru. Er refsað fyrir að auka tekjur sínar.

Með því að kaupa eignina eru slíkar skerðingar ekki lengur yfirvofandi. Íbúðalánasjóður kannaði hug leigjenda og kom í ljós að 80% þeirra vilja eignast íbúð. Þetta er skýr vilji fólksins. Við eigum að koma til móts við þennan vilja fólksins og við leggjum til að 100 íbúðir verði seld til leigjendanna árlega og þeir fái eiginfjárlán í því skyni. Með þessu vinnst margt. Leigjendur verða eigendur. Tekjuskerðing hverfur. Borgin minnkar skuldir sínar og íbúar sjá sjálfir um eignir sínar.

# Tvenns konar birta í bráð



**Sigurbjörg Erla Egilsdóttir**
bæjarfulltrúi Pírata í Kópavogi

Þó svo við legðum okkur fram, þá yrði eflaust erfitt að gleyma árinu sem nú er að líða – hinu leiðinlega en lærdómsríka ári 2020. Árinu sem við mættum í náttbuxum á fundi, lærðum mikilvægi þess að „mjúta sig“ og ferðuðumst innanhúss. Árið sem við lærðum að meta allt sem okkur þótti áður sjálfsagt; hvort sem það eru samverustundir með vinum og ættingjum, gönguferðir um græn svæðin allt í kringum okkur eða bara að að þreifa á avókadóum í Bónus.

Þetta var líka árið sem við sáum hvernig framtíðin gæti litið út. Hvernig fjarfundir og tæknin munu gera okkur kleift að gjörbreyta vinnustöðum, stuðla að sveigjanlegri vinnutíma og draga úr bíla- og flugumferð. Framtíðarsýn okkar Pírata um aukið gagnsæi í Kópavogi rættist einnig á árinu. Bæjarráð samþykkti þannig tillögur okkar um að birta ýmsar gagnlegar upplýsingar á vef bæjarins; eins og um laun og aðrar greiðslur til bæjarfulltrúa, margvísleg fylgigögn með fundargerðum og þá eru reglur um hagsmunaskráningu kjörinna fulltrúa á næsta leiti. Allt mun þetta stuðla að auknu aðhaldi og auknu trausti, sem svo styrkir lýðræðið í bænum.

Talandi um lýðræði. Í ár jukum við jafnframt aðkomu íbúa að skipulagsmálum í Kópavogi, eftir tillögu frá okkur í minnihlutanum. Í fyrsta sinn var framkvæmd könnun meðal íbúa til að meta ánægju þeirra með skipulag Glaðheimahverfisins. Þátttaka var góð, margar gagnlegar ábendingar komu fram, sem tekið var tillit til við skipulag næsta hluta hverfisins. Reynslan mun svo leiða til enn betri hverfa í framtíðinni, sem taka tillit til óska og þarfa þeirra sem þar munu búa og starfa.

Á árinu þurftum við einnig að bregðast við miður skemmtilegri þróun, sem segja má að snerti líka framtíðina. Í kjölfar fjölgunar ofbeldisbrota meðal ungmenna og myndbandsupptaka af ódæðunum lögðum við Píratar til að Kópavogsbær hæfi átak í málaflokknum. Bæjarráð samþykkti að hefja samræður við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um samstiga aðgerðir vegna ofbeldisins, og í nýrri framkvæmdaráætlun í barnaverndarmálum er áætlað að stofna ofbeldisteymi barnaverndar í Kópavogi. Tilkynningum um líkamlegt ofbeldi verður þannig veitt sérstök athygli árið 2021 og stuðningur við börn sem hafa upplifað það verður stóraukinn.

Eftir langvarandi myrkur er nefnilega tvenns konar birta fram undan: Hátíð ljóssins með hækkandi sól og svo hið langþráða ljós við enda COVID-ganganna. Ég vona að þetta erfiða og lítilfjörlega ár reynist okkur lærdómsríkt, að það hafi varpað ljósi á það sem skiptir okkur raunverulega máli og hvernig við getum nýtt þá vitneskju til að byggja enn betri bæ. Ég óska þér og þínum gleðilegrar hátíðar og þakka ykkur fyrir seigluna á árinu sem nú er loksins að líða.

# Orkuskiptin minnka kolefnisspor Íslendinga



**Gyða Mjöll Ingólfsdóttir**
umhverfisverkfræðingur hjá Samorku

Þriðjungur af losun gróðurhúsalofttegunda á beinni ábyrgð íslenskra stjórnvalda árið 2018 var frá vegasamgöngum og er því stærsti einstaki losunarflokkurinn. Góður árangur í orkuskiptum í vegasamgöngum er því lykilatriði til að við stöndumst þær alþjóðlegu skuldbindingar sem við höfum undirgengist. Ávinningur orkuskiptanna einskorðast þó ekki við loftslagsmálin. Á ársfundi Samorku í september kom fram að miðað við að við uppfyllum markmið stjórnvalda um 40% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030 fela þau einnig í sér gjaldeyrissparnað upp á 20-30 milljarða. Óhætt er að fullyrða að ný og metnaðarfyllri markmið sem nú hafa verið kynnt auka þennan sparnað umtalsvert. Enn fremur er sparnaður heimilis við að aka á rafmagni í stað bensíns um 400.000 krónur á ári sé tekið mið af kostnaði vegna orkunotkunar og viðhalds. Orkuskiptin hafa í för með sér minni staðbundna mengun frá útblæstri og minni losun sótagna, sem eru hættuleg umhverfinu og heilsu manna og dýra, auk þess sem neysludrifið kolefnisspor minnkar.

En hvað er neysludrifið kolefnisspor einstaklinga og af hverju skiptir máli að minnka það?

Til að útskýra málið frekar má taka sem dæmi brauðrist. Raforkunotkunin við að rista sér brauð, sem og förgun umbúða og brauðristarinnar sjálfrar í lok líftíma hennar, er það sem telur í kolefnisfótspori hennar ef við teljum á samsvarandi hátt og gert er í loftslagsbókhaldi Íslands. Sem sagt, eingöngu það kolefnisfótspor sem hún veldur innan landamæra Íslands. Neysludrifið kolefnisfótspor er hins vegar heildarfótsporið; frá öflun hráefna og framleiðslu brauðristarinnar, hvar sem hún á sér stað í heiminum, auk flutninga hennar til landsins sem og notkun hennar hérlendis. Því er neysludrifna kolefnissporið oft á tíðum töluvert hærra en þegar aðeins er talið það sem gerist innan landamæranna.

**Ávinningur orkuskiptanna einskorðast þó ekki við loftslagsmálin.**

Komið hefur fram að neysludrifið kolefnisspor meðal Íslendings er hátt, en hver einstaklingur er valdur að losun á rúmlega 10 tonnum af gróðurhúsalofttegundum árlega. Meirihluti þessarar losunar frá íslenskum heimilum má rekja til innfluttrar neysluvöru og spila innkaup og bruni jarðefnaeldsneytis þar stórt hlutverk. Orkuskiptin, ásamt breyttum ferðavenjum, eru tækifæri til að minnka neysludrifið kolefnisspor Íslendinga um allt að þriðjung og verða með því lægsta sem gerist í iðnríkjum. Það er vegna þess að umhverfisáhrif þeirrar orku sem nýtt er til að knýja ökutæki minnka verulega þegar framleiðsla orkunnar er með endurnýjanlegum hætti eins og á Íslandi. Með orkuskiptunum er því komið í veg fyrir mengun vegna framleiðslu jarðefnaeldsneytis erlendis sem og útblásturs við bruna þess í ökutækjum hérlendis. Þá er vert að draga það fram, að rannsóknir hafa leitt í ljós að notkun rafbíla hérlendis dregur verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda samanborið við notkun bensín- og dísilbíla vegna innlendu grænu orkunnar okkar, þrátt fyrir að framleiðsla ökutækjanna sé tekin með inn í jöfnuna.

Loftslagsbreytingar eru hnattrænn vandi og því skiptir máli að allir kappkosti við að leggja sitt af mörkum og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, hvar sem sú losun á sér stað.



# Jólatré

## 20% afsláttur

**Normannsþinur**
Margar stærðir af sérvöldum, fyrsta flokks Normannsþin.

**Íslensk stafafura**
Stærðir: 150-240 cm, beint frá bónda, sérræktuð fyrir Blómaval.

**Gervijólatré**
Margar stærðir og gerðir af fallegum gervijólatrjám.



## Sendu ástvinum blóm og skreytingar á blomaval.is



FROST

**Leiðiskross LED**
**5.490kr**
~~6.990kr~~
Leiðiskross LED ljós með rafhlöðu, hlýtt hvítt, kalt hvítt eða rautt ljós. Hæð 60 cm, breidd 40 cm. **14550112-4**



**Lifandi greni**
**599kr**
~~799kr~~
**10232503** Nobilis. **10232504** Nodmann.



**Hyasinta**
**499kr./stk.**
Ómissandi um jólin.



**Túlípanavöndur**
**3.990kr**
Jólatúlípanar í fallegum vendi.



**Leiðiskerti**
Verð frá
**649kr**
Nokkrar gerðir.



**Leiðisgreinar**
**2.490kr**
Fallegar greinar.



**Jólatúlípanar 10 stk.**
**2.490kr**
10 stk.



**Falleg útikerti**
Margar gerðir.



**Leiðisluktir**
**8.990kr**
Nokkrar gerðir.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.


blómaval
HÚSASMIÐJAN
JÓLIN FYRIR ÞIG
Jóla
útsala
20-50%
afsláttur
Allar jólavörur, seríur, jólaljós og jólaskraut
Opið til kl. 20 í Skútuvogi

# ÁRIÐ MEÐ AUGUM GUNNARS KARLSSONAR
































# Fólk

Heimili

ÞRIÐJUDAGUR 22. DESEMBER 2020



Elva Hrund Ágústsdóttir, blaðamaður og stílisti, er fagurkeri fram í fingurgóma. Elva sviptir hulunni af hátíðarborðinu sínu í ár en hún veit fátt skemmtilegra en að hanna rými og fá tækifæri til að endurraða og hagræða hlutum. →6

Mozart
við kertaljós

Garðakirkju
í kvöld kl.21

Í fríu streymi
á fésbókarsíðu
Garðabæjar

Camerartica



Á jólanótt er dásemd að leggjast til hvílu í nýjum rúmfatnaði frá Rúmföt.is. Hér er Hildur Þórðardóttir við jólalega uppbúið rúm. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Sængurföt eins og fínasta konfekt

Það tilheyrir að setja sín fegurstu ver á rúmið fyrir heilaga jólanótt. Verunum í Rúmföt.is má líkja við dýrindis konfektmola þar sem súkkulaðimeistari handgerir hvern einasta mola af hjarta og sál. Verðið hæfir öllum pyngjum. →2




Röndótt silkidamask frá Bauer er með breiðari röndum en hefðbundið er.







Áprentuð mynstur fást við allra hæfi í Rúmföt.is og á góðu verði, frá 10.900 krónum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Framhald af forsíðu ➪

Fyrir mér eru það hefðirnar sem skapa hinn sanna jólaanda, eins og að pakka inn síðustu pökkunum á aðfangadag, finna matarilminn fylla húsið, fara í sturtu klukkan fjögur og setjast inn í stofu uppábúin klukkan sex til að hlusta á aftansöng í útvarpinu,“ segir Hildur Þórðardóttir hjá Rúmföt.is.

Ein jólavenja er kannski ekki jafn sýnileg en alveg jafn mikilvæg og það er að skipta á rúminu á aðfangadagsmorgun og setja það allra, allra besta á.

„Jólanóttin er eitthvað svo heilög og óspillt, tákn nýs lífs og nýs upphafs og hluti af því er að sofna í hreinum og straujuðum sængurfötum.“

## Sængurkonfekt við allra hæfi

Hildur segir gaman að fá fólk í búðina sem er að kaupa sér ný sparisængurföt.

„Þá vill það oftast það fínasta sem er að sjálfsögðu silkidamaskið. Fyrst ber að nefna rúmfötin frá ítalska lúxusmerkinu Quagliotti. Það hefur starfað frá árinu 1933 og er eitt af fáum fjölskyldufyrirtækjum eftir í bransanum. Ef sængurföt væru konfekt þá væru þau frá súkkulaðimeistara sem handgerir hvern einasta mola og leggur sálina í verkið. Verin eru hvert öðru fallegri, bæði úr silkidamaski sem og úr dásamlegri silkiblöndu. Maður fær alveg hamingjutilfinningu í fingurna bara við að snerta efnin og þeir sem þekkja Quagliotti vilja ekkert annað.“

Þá má nefna Bauer-sængurfötin sem væru þá eins og framúrstefnulegir konfektmolar.

„Röndótta silkidamaskið er með breiðari röndum en venjulega, sem gerir þau nútímalegri og meira að segja eru til svört og dökkgrá röndótt fyrir þá sem vilja sofa með mjög dökkt. En auðvitað eru líka til bleik, blá, grá, hvít og beige. Þá komu líka svaka flott rúmföt með gylltu eða silfruðu mynstri, sem smellpassar inn í áramótatískuna,“ segir Hildur.

Sængurverin eru lokuð með vönduðum rennilás og þar sem Bauer kemur frá Þýskalandi má treysta því að hann endist vel.

„Bauer er fyrir þá sem vilja vera með töff rúmföt en ekki endilega svo dýr.“



Damask í mjúkum litum fyrir góðan nætursvefn, líka fyrir tvöfaldar sængur.



Sængurfatnaður utan um tvöfaldar sængur fæst nú í heillandi úrvali.



Góð þjónusta er í öndvegi hjá Rúmföt.is og hefur Hildur meira að segja sjálf keyrt rúmföt heim til viðskiptavina.

## Skrautsaumað silkidamask

Verin frá Rúmföt.is eru svo klassísku molarnir.

„Þau eru saumuð úr ítölsku lúxus silkidamaski og með skrautsaumi á koddaverunum sem er eingöngu gert hjá fínustu merkjunum. Það er eitthvað eftir af þeim en Margrét mun halda áfram að sauma á næsta ári, svo allir geta fengið fín rúmföt fyrir næstu jól.

Miðað við hvað þau runnu hratt út nú í nóvember mæli ég með að fólk komi tímanlega, jafnvel bara strax í vor. Þá er líka miklu meira svigrúm til að sérsauma óvenjulegar stærðir,“ upplýsir Hildur.

„Bómullarsatínverin okkar og venjulega damaskið væru svo eins og stóru konfektkassarnir. Margir ólíkir molar og allir eiga sína uppáhalds. Þau koma bæði elegant einlit, sem og með alls kyns mynstrum og henta alls kyns pyngjum, bæði þungum og léttum.“

## Dásamlegar viðtökur á árinu

Leiðarljós hjá Rúmföt.is er að veita góða þjónustu og að viðskiptavinir séu ánægðir.

„Við fengum til dæmis fyrirspurn í dag um hvort of seint væri að panta Quagliotti sængurver því hjónin langaði svo að fá sér ný fyrir jólin. Af því ég var ekki viss um að það kæmist í tæka tíð með póstinum, keyrði ég það heim til þeirra þegar ég var sjálf á heimleið,“ segir Hildur í jólaskapi.

„Allir geta því eignast nýtt á rúmið fyrir jólin, þótt ég lofi ekki heimkeyrslu í hvert sinn. Við erum með opið í dag þriðjudag og á morgun Þorláksmessu frá klukkan 12 til 18. Við erum lítið fjölskyldufyrirtæki svo það er lokað milli jóla og nýárs. Að lokum viljum við þakka dásamlegar viðtökur á árinu og óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum yndislegra jóla og gleðilegs nýs árs.“

Rúmföt.is er á Nýbýlavegi 28 í Kópavogi. Sími 565 1025. Opið alla virka daga frá klukkan 11 til 18 og á laugardögum frá klukkan 11 til 16. Sjá nánar á rumfot.is.


yeoman
Hildur Yeoman kjóll
58.900kr
Klemmur
2.900kr
Klemmur
3.900kr
Hildur Yeoman gríma
5.900kr
Hildur Yeoman toppur
29.900kr
Venus kerti 12.900kr
Kerti frá 1500 til 3500kr
Taska
11.900kr
Taska
11.900kr
Hildur Yeoman peysa
41.900kr
Hildur Yeoman kjóll
45.900kr
Hildur Yeoman kjóll
42.900kr
Hildur Yeoman kjóll
45.900kr
Hildur Yeoman peysa
41.900kr
Body Care gjafasett
7.900kr
Handáburður
5.900kr
Hildur Yeoman toppur
26.900kr
Eyrnalokkar
12.900kr
Hildur Yeoman húfur
9.900kr
Taska
11.900kr
Skór
39.900kr
Handgel
1.900kr
Handáburður
2.500kr
Hildur Yeoman kjóll
48.900kr
S: 519 8889
HILDURYEOMAN.COM
LAUGAVEGUR 7

# Endurfæðing sólarinnar

**Vetrarsólstöður voru í gær en frá örófi alda hafa þær verið þýðingarmikill tími í ýmsum menningarheimum. Ýmsar hátíðir hafa verið haldnar til að fagna tímamótunum þegar myrkrið byrjar að víkja fyrir birtunni.**

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Sólstöður eru sá tími ársins þegar sólin fer lengst frá miðbaug til norðurs eða suðurs en sólstöður eru tvisvar á ári. Á norðurhveli jarðar eru sumarsólstöður einhvern tímann á milli 20. og 22. júní en þá er dagurinn lengstur. Vetrarsólstöður eru svo á tímabilinu 20. til 23. desember en þá er dagurinn stystur, það er að segja, sólin er styst á lofti.

Margar aldir eru síðan manneskjan lærði að þekkja gang himintunglanna og sólstöður hafa því lengi verið þýðingarmiklar fyrir jarðarbúa. Það er jafnvel talið að sólstöðurnar hafi haft sérstaka þýðingu á nýsteinöld fyrir 5-6.000 árum. Sums staðar hefur dagurinn verið talinn tákna dauða og endurfæðingu sólarinnar og hann hefur þótt ástæða til hátíðarhalda í aldaraðir.

**Sums staðar hefur dagurinn verið talinn tákna dauða og endurfæðingu sólarinnar og hann hefur þótt ástæða til hátíðarhalda í aldaraðir.**

Soyal er vetrarsólstöðuhátíð Hopi-frumbyggjanna í Arizona í Bandaríkjunum. Hátíðin samanstendur af helgiathöfnum eins og hreinsun, dönsum og gjafaskiptum. Á þeim tíma sem sólstöðurnar eru býður Hopi-ættbálkurinn verndandi anda frá fjöllunum velkomna. Fyrir hátíðina eru búin til bænaprik sem notuð eru við ýmsar trúarlegar athafnir og siði.

Persneska hátíðin Yalda er aldagömul sólstöðuhátíð sem haldin er í Íran. Samkvæmt hefðinni er litið á Yalda sem sigur ljóssins á myrkrinu og fæðingu sólarguðsins Mithra. Fjölskyldur fagna Yalda saman með góðum mat eins og hnetum og granateplum og fleiri ávöxtum. Sumt fólk vakir alla nóttina til að taka á móti sólinni um morguninn.

Forn-rómverska hátíðin Saturnalia er kannski líkust nútíma jólahaldi af þeim hátíðum sem haldnar eru um þetta leyti. Hátíðin var haldin til að fagna lokum gróðursetningartímabilsins sem var á svipuðum tíma og vetrarsólstöður. Á hátíðinni, sem stóð í nokkra daga, voru haldnar veislur, fólk lék leiki og gaf gjafir. Félagsleg staða skipti ekki máli í nokkra daga, þrælar þurftu ekki að vinna og komið var fram við þá sem jafningja rétt á meðan á hátíðinni stóð.

Dong Zhi, koma vetrarins, er stór hátíð í Kína. Þá koma fjölskyldur saman og fagna liðnu ári. Hátíðin er yfirleitt haldin einhvern tímann á milli 21. og 23. desember. Það er talið að uppruna hátíðarinnar megi rekja til veisluhalda við uppskerulok þegar verkafólk sneri heim af ökrunum og naut afraksturs erfiðis síns með fjölskyldunni. Á þessum tíma borðar fólk sérstakan hátíðarmat eins og til dæmis tang yuan sem eru hrísgrjónabollur.

Jafnvel á Suðurskautslandinu er haldin miðsvetrarhátíð, en þar í landi er hún í júní. Rannsóknarfólk á suðurskautinu heldur upp á vetrarsólstöður með góðum mat, kvikmyndum og handgerðum gjöfum.

Í Perú eru vetrarsólstöður líka í júní. Af því tilefni halda Inkarnir hátíðina Inti Raymi til heiðurs sólarguðinum. Hátíðin var fyrst haldin áður en spænsku landvinningamennirnir komu til landsins. Á hátíðinni var borðaður veislumatur og fórnir voru færðar, oftast var dýrum fórnað en stundum jafnvel börnum. Spánverjar bönnuðu hátíðina en hún var endurvakin á 20. öld, en þó ekki með raunverulegum fórnum, og hátíðin er enn haldin í dag.



Dansarar á Inti Raymi hátíðinni í Perú. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Saturnalia-hátíðin endursköpuð á Englandi en henni var fagnað í Rómaveldi til forna.**



# Guðsþjónustur

ÞRIÐJUDAGUR 22. DESEMBER 2020



**Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, segir gott að búa í samfélagi þar sem samheldni ríkir og fólk sýni kærleika. Hún vísar þar til hamfaranna á Seyðisfirði.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Hátíð fer að höndum ein

Jólin 2020 eru ekki hefðbundin miðað við fyrri ár. Heimsfaraldurinn hefur breytt daglegu lífi fólks og hefðir jólanna verða margar hverjar að bíða betri tíma.

Jólasögur eru gjarnan sagðar í skólum og á jólafundum félagasamtaka en jólasögurnar í ár eru áþreifanlegar. Þær sýna kærleika og umhyggju fólks og birtast í hjálpsemi og gjöfum til náungans. Jól í skókassa er alþjóðlegt verkefni sem felst í því að fá börn og fullorðna til að gleðja börn sem búa við fátækt, sjúkdóma eða aðra erfiðleika og gefa þeim jólagjafir. Ungt fólk innan KFUM & KFUK hóf þátttöku í þessu verkefni fyrir 16 árum og alltaf fjölgar þeim sem gefa börnum í Úkraínu gjafir fyrir jólin. Aldrei hafa fleiri jólapakkar verið settir undir jólatré Mæðrastyrksnefndar í Kringlunni í Reykjavík en á þessu ári. Kona ein segir frá kærleiksverki þegar önnur kona greiddi vörurnar fyrir hana í Bónus á meðan hún skaust frá innkaupakörfunni við kassann til að ná í það sem hún hafði gleymt að setja í körfuna. Þrjár kjarnakonur í Ástjarnarsókn í Hafnarfirði settu á fót Kærleiksmarkað í kirkjunni sinni í Hafnarfirði þar sem fólk getur fengið föt, húsmuni, barnavörur, mat og fleira án endurgjalds.

## Samkennd og samhugur

Eftir náttúruhamfarirnar á Seyðisfirði voru margar sögur sagðar. „Dæmi eru um að verslunareigendur þar (á Héraði) hafi gefið börnum ýmiss konar leikföng til þess að stytta þeim stundir á meðan þau eru fjarri heimilum sínum,“ segir í einni fréttinni og fram hefur komið að margir hafi opnað hús sín svo enginn þurfti að gista í fjöldahjálparstöðinni á Egilsstöðum. Samkennd og samhugur myndast með þjóðinni þegar svona atburðir verða enda þekkja margir af eigin raun að náttúran getur farið hamförum. Í viðtölum við Seyðfirðinga kemur orðið og hugtakið þakklæti oft fram. Þakklæti fyrir það sem veitt er og þakklæti fyrir að enginn skyldi slasast eða deyja í þessum hamförum.

## Jólin boða von

Í heimi þar sem allt getur gerst og allt getur farið á annan veg en áætlað er, er gott að vita af góðu fólki sem sýnir kærleika og umhyggju í verki. Það er gott að búa í samfélagi þar sem samheldni ríkir.

Það er fallegt, gott og gaman að gera jólalegt í kringum sig en miklu betra að finna fögnuð jólanna innra með sér. Hugsa um þau sem okkur þykir vænt um og hugsa og leggja af mörkum til þeirra sem búa við erfiðar eða óviðunandi aðstæður. Boðskapur jólanna kemur fram í sex orðum: „Yður er í dag frelsari fæddur.“

Bæn mín er sú að þú, lesandi góður, fáir reynt þann boðskap í lífi þínu og fáir að finna og trúa að þú sért ekki ein/einn á ferð á vegi lífsins.

Ég óska þér gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

*Agnes M. Sigurðardóttir*



**Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI




©Jóhann Ludwig Torfason / Hjarta Reykjavíkur

Prestar, starfsfólk og sóknarnefndir

Áskirkju, Bústaðakirkju, Dómkirkjunnar, Grensáskirkju, Hallgrímskirkju, Háteigskirkju, Langholtskirkju, Laugarneskirkju, Neskirkju og Seltjarnarneskirkju, Sérþjónustunnar og safnaða Íslendinga erlendis.

# Líður að helgum tíðum



*Við óskum ykkur gleði og friðarjóla*

KIRKJAN

# Kirkjan kemur til fólksins

## Kirkjan hefur lagt áherslu á samvinnu og að vera bakhjarl sóttvarnayfirvalda allt frá upphafi heimsfaraldursins.

Í því ljósi varð til COVID-verkefnið Kirkjan til fólksins. Yfirheiti margra ólíkra verkefna sem öll vísa til þess að ef fólkið kemst ekki í kirkjuna, þá kemur kirkjan heim til fólksins – með allri þeirri möguleikaflóru sem tæknin býður upp á í dag.

„Þegar nær dró aðventu gerðum við okkur grein fyrir að ólíklegt væri að kirkjur gætu opnað haftalaust, jafnvel að þær yrðu lokaðar yfir aðventu og hátíðarnar. Þá fórum við strax að undirbúa og skipuleggja eina óvenjulegustu jólahátíð seinni tíma – hátíð þar sem Kirkjan leikur lykilhlutverk, sem áður, en í stað þess að fólkið komi í Kirkjuna og njóti hátíðarinnar, þá kemur Kirkjan inn á hvert heimili með ljós og friðarboðskap jólanna, hátíðartónlist og vonina sem mannssonurinn færði heiminum," segir Pétur Markan, samskiptastjóri á Biskupsstofu.

### Frábært samstarf

„Kirkjan kemur til fólksins á aðventunni. Þá má ekki gleyma að upphafleg merking orðsins kirkja, forngríska orðið ekklesía, þýðir ekki steypa heldur samfélag. Þannig mun kirkjan eiga samfélag með þjóðinni yfir hátíðarnar – kirkjan kemur í staðinn heim til fólksins.

Sem dæmi um þetta má nefna frábært samstarf við RÚV – sem ég má til með að hrósa. Á aðventunni hafa verið sýndar messur á sunnudögum í fullum skrúða og gæðum.



Kirkjan kemur með ljós og friðarboðskap jólanna, segir Pétur samskiptastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þá verður helgistund á jólanótt með biskupi Íslands á aðfangadagskvöld á RÚV. Einnig verður hátíðarmessa á jóladag á RÚV klukkan 11. Aldrei hefur verið lagt jafn mikið í dagskrárgerð með Kirkjunni á aðventunni með RÚV. Fyrir það erum við ekki bara afar þakklát – við höfum fengið ótrúlega mikil og góð viðbrögð frá fólki hvaðanæva af landinu sem er þakklátt og glatt," greinir Pétur frá.

„Þá hefur verið algjörlega stórkostlegt að fylgjast með söknum landsins, örsmáum prestaköllum upp í fjölmennustu kirkjur, ná frábæru valdi á tækni og miðlum og færa þannig kirkjuna, stundum daglega, til fólksins – þegar fólkið hefur ekki komist til kirkju. Þetta eru hetjur kirkjunnar sem hafa sýnt kraft og seiglu, frumkvæði og nýsköpun þegar verulega hefur reynt á. Yfir hátíðarnar verða sóknir landsins með hátíðarefni, í þessum streymis- og netanda, sem við hvetjum ykkur til að nálgast.

### Vandað dagatal

Þá vann kirkjan vandað dagatal á aðventunni. Dagatalið er þannig saman sett að teiknaðar voru tuttugu og fjórar fallegar myndir með samhentum hjónum á besta aldri þar sem leiðarstef er fyrir hvern dag. Án þess að eigna einhverjum einum þjóðfélagshópi dagatalið þá einblínum við með þessum persónum á aðstæður og veröld eldri borgara á tíma félagshafta. Dagatalið má finna á samskiptamiðlum kirkjunnar.

Dæmi um leiðarstef er til dæmis æðruleysi – síðan fylgir mynd þar sem leiðarstefið er túlkað. Þannig mun stafrænn gluggi birtast á hverjum degi – þegar glugginn er opnaður birtist myndin og undir mun hljóma ljóð/ljóðahugleiðing dagsins eftir Sigurbjörn Þorkelsson rithöfund. Höfundurinn les sjálfur með sinni djúpu silkimjúku rödd. Verkefnið lítur afar vel út og er fyrst og fremst hugsað til að mæta áskorun samtímans; einmanaleika, áhyggjum og kvíða með von, kærleika og trú í aðdraganda jóla."





Allt helgihald Guðríðarkirkju á jólum og áramótum verður sent út á heimasíðu Guðríðarkirkju, gudridarkirkja.is, og á facebook síðu kirkjunnar, https://www.facebook.com/guðríðarkirkja.

**Helgihaldið verður með eftirfarandi hætti:**

**Sunnudaginn 20. des. kl. 11:00** verður tónlistarhelgistund í umsjá Ásbjargar Jónsdóttur og Ástvalds Traustasonar. Sr. Leifur Ragnar Jónsson þjónar fyrir altari.

**Á aðfangadag verður sendur út aftansöngur kl. 18:00.** Sr. Karl V. Matthíasson þjónar fyrir altari og Sr. Leifur Ragnar Jónsson prédikar. Sr. Pétur Ragnhildarson les ritningarlestur. Hrönn Helgadóttir organisti leikur undir á orgel kirkjunnar og á fiðlu leikur Sigrún Harðardóttir. Davíð Ólafsson bassi, Hlöðver Sigurðsson tenór, Heiðdís Hanna Sigurðardóttir sópran og Hildigunnur Einarsdóttir mezzósópran syngja.

**Þann 26. des.kl. 14:00, annan í jólum,** verður send út fjölskyldustund sem Sr. Pétur Ragnhildarson sér um ásamt Ástu Guðrúnu Guðmundsdóttur. Barnakór Guðríðarkirkju syngur undir stjórn Ásbjargar Jónsdóttur barnakórsstjóra.

**Á Gamlársdag verður send út guðsþjónusta kl. 18:00.** Sr. Leifur Ragnar Jónsson þjónar fyrir altari og Sr. Karl V. Matthíasson prédikar. Hrönn Helgadóttir organisti leikur undir á orgel kirkjunnar og á fiðlu leikur Sigrún Harðardóttir. Davíð Ólafsson bassi, Hlöðver Sigurðsson tenór, Heiðdís Hanna Sigurðardóttir sópran og Hildigunnur Einarsdóttir mezzósópran syngja.

**Á Aðfangadag og Gamlársdag verður kirkjan opin milli kl. 14 – 16** og er fólk velkomið að líta við og eiga kyrrðarstund í kirkjunni. Prestar kirkjunnar verða á staðnum og gæta að fjöldatakmörkunum og geta einnig verið fólki innanhandar bænagjörð.

***Með blessunaróskum.***








**Jólin í Digranes- og Hjallakirkju 2020**
Boðið verður upp á streymi
sem hægt er að sjá á heimasíðum kirknanna
**www.digraneskirkja.is** eða **www.hjallakirkja.is**
eða **Facebook**

## Aðfangadagur jóla

Streymt er upptöku fyrir aðfangadag sem tekin var upp í báðum kirkjum með tónlistarflutningi og töluðu máli frá leikmönnum og prestunum.

sr. Gunnar Sigurjónsson og sr. Sunna Dóra Möller flytja hugleiðingar.
sr. Helga Kolbeinsdóttir og sr. Karen Lind Ólafsdóttir lesa ritningarlestra.

Formenn sóknarnefnda Margrét Loftsdóttir og Andrés Jónsson flytja bænir.

sr. Bolli Pétur Bollason ber fram blessunarorð í lok stundarinnar.

**Einsöngvarar:**
Einar Clausen og Ágústa Sigrún Ágústsdóttir.
Kristín Lárusdóttir leikur á Selló.
Félagar úr kór Hjallakirkju syngja.

Í lok stundarinnar er sungið "Heims um ból" sem er samræmdur flutningur úr báðum kirkjum.

Organistar eru Lára Bryndís Eggertsdóttir og Sólveig Sigríður Einarsdóttir.

Þennan dag munu sr. Gunnar og sr. Bolli mæta
í kirkjurnar ásamt organistunum klukkan 18 til að flagga
í Digraneskirkju og Hjallakirkju og "kannski"
lesa guðspjallið og syngja "Heims um ból"
Því verður ekki streymt.

## Gamlársdagur

sr. Gunnar Sigurjónsson og sr. Sunna Dóra Möller lesa ritningarlestra, biðja bæna og flytja stuttar hugleiðingar. Sólveig Sigríður Einarsdóttir, organisti og Einar Clausen, söngvari sjá um tónlist fyrir stundina.

# Lindakirkja

## Streymi um jól og áramót á www.lindakirkja.is



### Aðfangadagur

*Jólastund fjölskyldunnar*
Skemmtilegur þáttur sem kjörið er að horfa á jafnvel aftur og aftur meðan beðið er eftir jólunum. Unglingagospelkór Lindakirkju syngur undir stjórn Áslaugar Helgu Hálfdánardóttur, Óskar Einarsson er við píanóið, Regína Ósk tekur lagið, við fylgjumst með jólahaldi hjá Nebba, sjáum helgileik og fleira.

*Aftansöngur*
18:00 Útsending frá aftansöng í Lindakirkju. Sr. Dís Gylfadóttir predikar, en allir prestar kirkjunnar þjóna. Félagar úr Kór Lindakirkju syngja undir stjórn Óskars Einarssonar.

### Jóladagur

11:00 Hátíðarhelgistund
Bylgja Dís Gunnarsdóttir sópran syngur, Óskar Einarsson leikur á píanó. Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson þjónar.

### Annar í jólum

11:00 Sveitamessa.
Helgistund með country ívafi. Axel Ó. og Co annast tónlistarflutning ásamt Óskari Einarssyni og félögum úr Kór Lindakirkju. Sr. Guðni Már Harðarson predikar.

### Nýársmorgunn

11:00 Helgar stundir. Fjölbreytt dagskrá í tali og tónum í umsjón presta Lindakirkju.

### Sunnudagurinn 3. janúar

20:00 Æðruleysisstund
Hugleiðingar um æðruleysið. Tónlistarmaðurinn KK og hljómsveitin Sálmari annast tónlistina.

Hlustið á nýja jólalagið,
*Stjörnubjarta nótt*, með **Regínu Ósk**
og **Kór Lindakirkju** á Spotify og
sjáið myndband við lagið á YouTube

# Ægilega einfaldar engiferkökur

Það er fátt sem er meira tilheyrandi á þessum árstíma en smákökur, þær lyfta mannamótum á æðra plan, þær gleðja jafnt unga sem aldna og þær eru að margra mati nauðsynlegur hluti af jólunum. Það er líka erfitt að vera með of mikið af smákökum, þannig að jafnvel þó smákökubakstrinum sé kannski lokið (í bili) er alltaf hægt að bæta við. Þessar bragðgóðu og einföldu engiferkökur eru góður kandídat í smá viðbótarbakstur á lokametrunum. Uppskriftin er upphaflega eftir Liberty Mendez og birtist á vef BBC.

Það tekur um 30 mínútur að gera þessa uppskrift. Undirbúningurinn tekur um 20 mínútur og svo tekur það ekki nema um 10 mínútur að baka kökurnar. Uppskriftin ætti að skila um 20 kökum.

## Innihald

**100 g saltað smjör í teningum**
**75 g ljós púðursykur**
**1 msk. rifið ferskt engifer**
**100 g gyllt sírópi**
**250 g hveiti**
**1½ msk. malað engifer**
**1 tsk. matarsódi**
**1 lítil eggjarauða, hrærð**



**Þessar bragðgóðu engiferkökur eru bæði einfaldar og fljótlegar í bakstri.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

***Skref 1:*** Hitið ofninn í 190°C eða 170°C með blæstri. Setjið bökunarpappír á tvær stórar bökunarplötur. Bræðið smjörið, sykurinn, ferska engiferið og gyllta sírópið saman í potti á litlum hita og látið það kólna.

***Skref 2:*** Blandið hveitinu, malaða engiferinu og matarsódanum saman í skál með viðarskeið. Hrærið kældu sykurblöndunni og eggjarauðunni hægt og rólega út í og hnoðið í smá stund til að búa til deig.

***Skref 3:*** Rúllið deiginu upp í 20 gramma kúlur og raðið þeim á bökunarplöturnar með 3 cm bili á milli svo kökurnar hafi pláss til að dreifa úr sér.

Bakið í 8-10 mínútur þar til þær verða gullinbrúnar. Látið þær kólna á plötunum í eina mínútu og færið þær svo á kæligrind og leyfið þeim að kólna alveg.




VEIÐIKORTIÐ 2021
Frelsi til að veiða!
Jólagjöf veiðimannsins
8.900 kr
Fæst hjá N1, OLÍS, veiðivöruverslunum og veidikortid.is



SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA
Arctic Star
NÝJAR UMBÚÐIR




Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlins

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618




Svarta matarstellið er frá Bloomingville og kristalsglösin eru frá Frederik Bagger. Skálin undir blómin er hönnun frá By Lassen og er einnig undir mat. Eva skreytir glösin með rósmaríngreinum og granateplakjörnum. MYND/AÐSEND

# Hátíðarborð í berjalitunum

Elva Hrund Ágústsdóttir, blaðamaður og stílisti, er fagurkeri fram í fingurgóma. Hún sviptir hulunni af hátíðarborðinu sínu í ár en hún veit fátt skemmtilegra en að gera fallegt.


Matarást Sjafnar



Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@torg.is


Elva Dögg segir að þegar hún leggi af stað í að dekka borð þá ráðist útkoman oftar en ekki af einhverjum hlut sem hana langar að skreyta með. „Í ár var það „úfin“ blómaskreyting og berjalitaður dúkur sem ég vildi koma á borðið. Ég var með ákveðinn lit á dúk í huga og hætti ekki að leita fyrr en ég á endanum fann hörefni í rétta litnum og saumaði. Eftir það kom hitt að sjálfu sér. Ég ætlaði mér upphaflega að fara í ljóst og lystugt þema en endaði í dökkum og dulúðlegum stíl. Hér er ég að vinna með svarta diska, villta blómaskreytingu og furugreinar til skrauts í bland við kristalsglös og handrennda íslenska keramík sem setur punktinn yfir i-ið.

### Fersk blóm og lifandi greni ómissandi um hátíðirnar

Elva er ekki fastheldin í litavali þegar kemur að því að dekka hátíðarborðið. „Það breytist á hverju ári. Þó að diskar og hnífapör séu meira og minna sami grunnurinn þá getur dúkurinn breyst, litaval á kertum, kertastjakar, skálar, glös og servíettur. Þetta eru allt hlutir sem hægt er að leika sér með á marga vegu.



**Elva er smekkmanneskja fram í fingurgóma, mikill fagurkeri og þykir fátt skemmtilegra en að dekka upp hátíðarborð.** MYNDIR/AÐSENDAR

Annars finnst mér alveg ómissandi að hafa fersk blóm og greni. Það er fátt sem jafnast á við blómailm þegar sest er til borðs, fyrir utan hvað blóm eru mikil skreyting út af fyrir sig og það þarf varla neitt annað,“ segir hún.

### Vel dekkað borð er eins og forréttur fyrir augað

Elvu er mikið í mun að borðgestum líði vel og njóti þess að sitja við borðhaldið. „Ég vil fyrst og fremst að fólkinu við borðið líði vel.

Það jafnast ekkert á við að sjá gleðina hjá þeim sem setjast til borðs, og fylgjast með gestunum virða fyrir sér skreytingarnar. Þá hefur manni tekist vel til. Vel dekkað borð er eins og góður forréttur í mínum huga.“

# FULL BÚÐ AF MJÚKUM OG KÓSÝ GJÖFUM FYRIR DÖMUNA

MIKIÐ ÚRVAL Í STÆRÐUM 14-32 EÐA 42-60

Pantaðu í netverslun www.curvy.is eða komdu í verslun Curvy í Hreyfilshúsinu við Grensásveg

**AFGREIÐSLUTÍMI Í VERSLUN CURVY TIL JÓLA**

17-22 DESEMBER ........ 11-20
ÞORLÁKSMESSA ........ 11-21
AÐFANGADAGUR ........ 10-13

Curvy






















Verslunin Curvy * Fellsmúli 26 v/Grensásveg, 108 Reykjavík * sími 581-1552 * www.curvy.is

## Bílar & Farartæki

SPARIBÍLL



Mitsubishi Outlander Hybrid hækkar um áramót vegna lagabreytinga. Nældu þér í nýan 2020 bíl á betra verði 5.690.000,- Til sýnis á staðnum í nokkrum litum með og án króks.

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

PROSTONE
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árssspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Hljómborð á tilboði
Mikið úrval
Verð við allra hæfi
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA LAUGARDAG OG SUNNUDAG KL. 11 TIL 15

mýranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



FXR heilgallar
Fullorðins og barna
NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar
Vandaðir krossar á leiði!



JS LJÓSASMIÐJAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

**LED leiðiskrossar**



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

**Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is**

gott cbd
þú átt gott skilið

# Sérfræðingar í ráðningum

FAST ráðningar er öflug ráðninga- og ráðgjafaþjónusta sem leggur metnað í að vinna faglega og veita persónulega og góða þjónustu. Vönduð úrvinnsla upplýsinga og góð samskipti við umsækjendur eru lykilatriði. Okkar metnaður er reynsla og menntun, öflugur gagnagrunnur og gott tengslanet.

Við bjóðum uppá:
- Áralanga reynslu
- Öflugan gagnagrunn
- Mjög gott tengslanet
- Þolinmæði og þrautseigju
- Auga fyrir hæfileikum





lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar
www.fastradningar.is




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | **www.forlagid.is**

# ÁRIÐ MEÐ AUGUM GUNNARS KARLSSONAR































NIVEA
ENDURNÝJAR
OG EYKUR TEYGJAN-
LEIKA HÚÐARINNAR
HYALURON CELLULAR FILLER
+ELASTICITY
RESHAPE
• eykur teygjanleika húðarinnar um 64%*
• eykur eigin framleiðslu húðarinnar á hýalúronsýru
• minnkar hrukkur á áhrifaríkan hátt
• veitir raka í sólarhring
NIVEA
HYALURON
CELLULAR
FILLER
+ELASTICITY
RESHAPE
ANTI-SPOT
TREATMENT
SERUM
NIVEA
HYALURON
CELLULAR
FILLER
+ELASTICITY-RESHAPE
DAY CREAM SPF30
Cell-activating formula with Hyaluron,
Collagen & Elastin Booster
* Prófun í tilraunaglasi (in-vitro)
NIVEA.com

## ERLENDAR ÍÞRÓTTIR 2020

# Tvær goðsagnir féllu skyndilega frá

**Heimsfaraldurinn setti strik í íþróttalífið á heimsvísu og var nánast allt íþróttastarf stöðvað í tvo mánuði fyrr á árinu. Þegar keppni hófst á ný voru nokkur lið og einstaklingar sem stóðu upp úr. Tvær af helstu íþróttagoðsögnum undanfarinna áratuga létust óvænt.**

**ÍÞRÓTTIR** Kórónaveirufaraldurinn setti strik í allt íþróttalíf á heimsvísu. Íþróttalífið lamaðist í tvo mánuði en fór hægt og bítandi að hefjast á ný yfir sumarið og þá yfirleitt án áhorfenda. Í dag eru blikur á lofti með að áhorfendur fái að komast aftur á atburði á nýju ári en bakslag gæti komið í veg fyrir það. Ekkert varð úr Ólympíuleikunum né Evrópumóti karla í knattspyrnu sem áætlað er að fari fram næsta sumar. Á árinu kvöddu tvær goðsagnir skyndilega og áttu margir erfitt með að meðtaka fréttirnar um að þessar goðsagnir væru skyndilega látnar.

**Önnur rós í hnappagat Þóris**

Þórir Hergeirsson hélt áfram að bæta við rósum í hnappagatið sem þjálfari Noregs þegar norska liðið varð Evrópumeistari í fjórða skiptið undir hans stjórn. Noregur sigraði ríkjandi meistara, Frakkland, í úrslitaleik mótsins. Þórir hefur auk þess að vinna Evrópumótið fjórum sinnum sem aðalþjálfari Noregs orðið Ólympíumeistari einu sinni og heimsmeistari tvisvar. Þá var þetta í 13. skipti sem hann er í brúnni hjá norska liðinu í úrslitaleik á stórmóti. Áður en hann varð aðalþjálfari Noregs árið 2009 var hann svo aðstoðarmaður Marit Breivik frá 2001 til 2009. Á meðan Þórir var aðstoðarþjálfari norska liðsins varð Noregur Ólympíumeistari árið 2008 og þrívegis Evrópumeistari. Þá því með sanni segja að Noregur hafi verið sigursæll á þeim tíma sem Þórir hefur starfað fyrir norska handboltasambandið.

**Maradona og Kobe kvöddu**

Undir lok ársins missti knattspyrnuheimurinn einn sinn dáðasta son þegar argentínska goðsögnin Diego Armando Maradona féll frá. Þessi frábæri leikmaður markaði djúp spor bæði í heimalandi sínu, þar sem hann hann var þjóðhetja, sem og í Napólí þar sem hann spilaði á hátindi ferilsins. Maradona var magnaður á heimsmeistaramótinu árið 1986 þar sem hann skoraði fimm mörk Argentínu sem varð heimsmeistari og lagði upp önnur fimm. Engin leikmaður hefur komið að jafn mörgum mörkum í sögu heimsmeistaramótsins. Þá varð hann tvisvar sinnum ítalskur meistari sem leikmaður Napoli en það var í fyrstu skiptin sem Napoli varð landsmeistari. Þá leiddi Maradona liðið sömuleiðis til sigurs í ítalska bikarnum og í Evrópukeppni félagsliða en hann var í guðatölu í Napólí.

Körfuboltagoðsögnin Kobe Bryant lést óvænt í upphafi þessa árs þegar þyrla með Kobe, dóttur hans og sjö öðrum fórst í Los Angeles. Þyrlan var að ferja fólkið í körfuboltabúðir Kobe þegar þyrlan brotlenti og létust allir um borð samstundis. Það kom strax í ljós hversu djúp spor Kobe voru í íþróttaheiminum og þá sérstaklega í körfuboltanum eftir að fregnir bárust um að hann hefði látist. Kobe var minnst út um alla borg enda goðsögn í Los Angeles eftir að hafa fært liðinu fimm meistaratitla sem leikmaður Lakers og stigahæsti leikmaðurinn í sögu félagsins. Hann er talinn einn af bestu körfuboltamönnum allra tíma og lék allan sinn feril með Lakers frá því að hann kom úr menntaskóla. Minning Kobe var heiðruð það sem eftir lifði tímabilsins í NBA og nýttu fremstu íþróttamenn heims í öðrum íþróttum fjölmörg tækifæri til að heiðra minningu Kobe.



Þórir gerði Noreg að Evrópumeisturum í fjórða sinn stuttu fyrir jól. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA


Sinclair bætti met með 185. marki sínu fyrir Kanada í ár.



**Aðdáendur Kobe og Lakers eru duglegir að minnast hans og dóttur hans, Giönnu, með blómvöndum við listaverk af feðginunum í Los Angeles.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


**Þrjátíu ára bið Liverpool eftir titlinum lauk í sumar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**Þrjátíu ára bið lokið**

Liverpool batt enda á þrjátíu ára bið sína eftir enska meistaratitlinum í knattspyrnu karla á árinu sem er að líða. Stuðningsmenn liðsins voru reyndar hræddir um að kórónaveirufaraldurinn yrði til þess að koma í veg fyrir að titillinn kæmi í hús en ekkert lið gat stöðvað Liverpool. Liðið vann deildina með mesta mun sem gert hefur verið í sögu ensku efstu deildarinnar. Ekkert lið hefur unnið deildina jafn snemma og Liverpool, það er þegar sjö umferðir voru eftir af deildinni. Þá jafnaði Liverpool metið yfir flesta sigra í efstu deild á einu keppnistímabili með því að hafa betur í 30 leikjum. Fagnaðarlætin hér heima voru lágstemmd en þau bíða betri tíma.

**Lakers jafnaði met Celtics**

LeBron James fór fyrir liði Los Angeles Lakers sem vann sinn fyrsta meistaratitil í tíu ár og jafnaði með því met Boston Celtics sem sigursælasta félag NBA-deildarinnar með sautján meistaratitla. Þetta var um leið fjórði meistaratitill LeBron með þriðja félaginu. Líkt og aðrar deildir fann NBA fyrir áhrifum kórónaveirufaraldursins og lá keppni niðri í tæpa fimm mánuði áður en hafist var handa að nýju í búbblu í Orlando.

Leikmenn létu rödd sína heyrast í réttindabaráttu þegar þeir neituðu að spila og íhuguðu að ljúka tímabilinu án meistara eftir morðið á Jacob Blake. Deildin vildi senda sterk skilaboð í baráttunni gegn lögregluofbeldi og fengu leikmenn að kjósa réttindabaráttu til að auglýsa aftan á treyjum sínum í úrslitakeppninni í stað nafns.

**Bardagi innan Barcelona**

Það gekk mikið á hjá spænska knattspyrnufélaginu Barcelona á þessu ári, bæði innan vallar og kannski enn frekar utan. Barcelona þurfti að horfa upp á að Real Madrid varð spænskur meistari. Þá féll liðið úr leik í átta liða úrslitum spænska konungsbikarsins og tapaði í Ofurbikarnum heima fyrir. Mesta niðurlægingin var þegar Bayern München gjörsigraði liðið 8-2 í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Eftir þann leik var Quique Setien látinn taka pokann sinn en hann hafði tekið við liðinu af Ernesto Valverde fyrr á árinu. Sumarið fór svo í það hjá forráðamönnum Barcelona að sannfæra Lionel Messi um að vera áfram í herbúðum félagsins en Messi gagnrýndi þá sem stýra félaginu opinberlega í fyrsta skipti á ferli sínum. Það tókst en Josep Maria Bartomeu lét af embætti sem forseti Barcelona og öll stjórn félagsins fylgdi fordæmi hans. Ronald Koeman tók við þjálfun liðsins í sumar og er liðið í kynslóðaskiptum og svo virðist sem einhver tími sé þar til það kemst í hæstu hæðir á nýjan leik.

Á sama tíma blómstrar karlalið þýska knattspyrnufélagsins Bayern München undir stjórn Hans Flick. Bayern München varð þýskur meistari, vann þýska bikarinn og kórónaði tímabilið með því að vinna Meistaradeild Evrópu í sjötta skipti í sögu félagsins. Pólski framherjinn Robert Lewandowski var langmarkahæsti leikmaður liðsins með 55 mörk en hann var verðlaunaður fyrir frammistöðu sína með því að vera valinn besti leikmaður heims af Alþjóðaknattspyrnusambandinu, FIFA.

**Erfitt að bæta met Sinclair**

Kanadíska landsliðskonan Christine Sinclair bætti met Abby Wambach þegar hún skoraði tvívegis fyrir Kanada í sigri á St. Kitts og Nevis í undankeppni Ólympíuleikanna. Með því tókst hinni 37 ára gömlu Sinclair að bæta metið yfir flest mörk í landsleikjum og stendur metið nú í 185 mörkum. Aðspurð út í Christine sagði Dagný Brynjarsdóttir, fyrrverandi liðsfélagi hennar, auðvelt að samgleðjast kanadíska sóknartengiliðnum. „Hún er búin að vera nálægt metinu svo ofboðslega lengi, vantað einhver 1-2 mörk og ég man að þegar við förum í landsliðsverkefni í fyrra þá vonaðist maður eftir því að hún myndi ná að slá metið. Það er því auðvelt að samgleðjast henni þegar það er farið að sjá í annan enda ferilsins. Við reyndum að hvetja hana áfram,“ sagði Dagný og bætti við: „Það er mjög ólíklegt að einhver nái að taka þetta met af henni úr þessu.“

Á sama ári var annað nýtt met bætt þegar Chelsea greiddi metfé fyrir danska markahrókinn Pernille Harder frá Wolfsburg. Pernille sem hefur verið ein besta knattspyrnukona heims undanfarin ár, var valin best að mati Evrópska knattspyrnusambandins.

kristinnpall@frettabladid.is
hjorvaro@frettabladid.is



HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN
Jólatilboð
STILLANLEG RÚM 20–35% AFSLÁTTUR
VERÐDÆMI
ERGOMOTION +40
35% AFSLÁTTUR
TILBOÐSVERÐ
296.010 KR
VERÐ 455.400 KR
STÆRÐ 2X90X210
Innifalið í verði lagskipt heilsudýna, stillanlegur botn og fætur.
20–35%
AFSLÁTTUR
Gjafir sem gleðja!
Headdemock
Hengirúm
84.900 kr.
Æðislegt rúmlega eins manns hengirúm til 16 litum. Fyrir 12 til 76 ára
fatboy
The Klaid
14.900 kr.
Teppið sem allir eru að tala um. Prjónað úr 100% hágæða bómull. Yndislegt og þétt faðmlag sem heldur á þér (ásamt ímyndaða vini þínum) hita allt kvöldið. Fyrir 12 til 92 ára. Stærð: 130x200sm
Edison The Petit
11.900 kr.
Snilldar lampi og fáguð hönnun með þremur birtustillingum og endist í allt að 24 tíma án hleðslu en ekkert mál að hafa í sambandi. Fyrir 7 til 86 ára
Original púði
39.800 kr.
Sestu, leggstu eða slappaðu af hvernig sem þig lystir. Original mun aðlaga sig að þér. Sterkt nylon efnið er nánast ekki hægt að eyðileggja.
Til í yfir 20 litum Fyrir 8 til 89 ára
Translotje
14.800 kr.
Bæði Edison Petit og Transloetje eru innblásnir af „vintage"lömpum hennar Ömmu. Gegnsætt plastefni og 8 mismunandi litir lætur Transloetje standa aðeins út hvar sem hann er. Fyrir 7 til 86 ára
Verslun á horni Ármúla og Grensásvegar | sekkur.is
Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is
rekkjan
HEILSURÚM

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Gerum innkaupin tímanlega

## Lengri afgreiðslutími í desember

**21.-23. desember**

**Allar verslanir**

**10:00 - 21:00***

***Smáratorg og Skeifan 10:00 - 23:00**

# TOPP 5 á Bónus verði

1.




2.




3.




4.




5.




# Vinsælasta jólagjöfin í Bónus




## Gjafakort Bónus fæst í öllum verslunum



Verð gildir til og með 24. desember eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

**BÓNUS VERÐ**
**LÆGRI TOLLAR LÆGRA VERÐ**




**1.598 kr./kg**
**Kalkúnabringur**
frosnar - þýskar




**2.798 kr./kg**
**Andaconfit**
1350 g nettóvigt

**REYKTUR OG GRAFINN**
**ÍSLENSKUR LAX**




**2.995 kr./kg**
**Norðanfiskur Reyktur Lax - Hálf Flök**
**Norðanfiskur Grafinn Lax - Hálf Flök**

**MEÐ BEINI**
Ali




**1.598 kr./kg**
**Ali Hamborgarhryggur**
með beini

**ÚRBEINAÐUR**




**1.798 kr./kg**
**Ali Hamborgarhryggur**
úrbeinaður




**1.198 kr./kg**
**KS Lambalæri**
frosin




**3.195 kr./kg**
**Íslandslamb Birkireykt Hangilæri**
úrbeinað

**BÓNUS VILLISVEPPASÚPA**




**898 kr./1 kg**
**Bónus Villisveppasúpa**
1 kg

**BÓNUS GRJÓNAGRAUTUR**




**679 kr./1 kg**
**Bónus Grjónagrautur**
1 kg - laktósalaus

**BÓNUS HUMARSÚPA**




**1.598 kr./1 kg**
**Bónus Humarsúpa**
1 kg

**Almennur afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Bónus Smáratorgi, Skeifunni og Langholti:** Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og vinur,

**Einar Þór Sigurþórsson**
rafvirki,
Háamúla í Fljótshlíð,

lést miðvikudaginn 16. desember á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi. Útförin verður í Hlíðarendakirkju í Fljótshlíð miðvikudaginn 30. desember klukkan 13.00. Aðeins nánustu aðstandendur og vinir verða viðstaddir athöfnina en henni verður streymt á slóðinni: facebook.com/groups/utforeinars

**Auður Dóra Haraldsdóttir**
**Katrín Einarsdóttir** **Valdimar Grétar Gunnarsson**
**Haukur Þór Valdimarsson**
**Sölvi Freyr Valdimarsson**
**Atli Einarsson** **Harpa Kristjánsdóttir**
**Egill Atlason**
**Arnór Atlason**
**Sara Atladóttir**
**Freyr Friðriksson og fjölskylda**
**Óskar Sveinn Friðriksson og fjölskylda.**



Ástkær sambýlismaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Friðrik Hafsteinn Guðjónsson**
framkvæmdastjóri
hjá Jens Árnasyni ehf.,
Miðleiti 7,

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu Sléttuvegi sunnudaginn 20. desember. Útför auglýst síðar.

**Guðbjörg Sigríður Kristjónsdóttir**
**Sjöfn Friðriksdóttir** **Snorri Sigurðsson**
**Guðríður Óskarsdóttir**
**Sigrún Snorradóttir**
**Hafdís Björk Jensdóttir** **Ívar Freyr Hafsteinsson**
**og barnabarnabörn.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

Sverrir Einarsson
ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996
www.utforin.is
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

HjartaHeill
Minningarkort á hjartaheill.is
eða í síma 552 5744


ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



**Bragi við minnisvarðann á Stofubjargi. Þangað er um kílómetra gangur frá varðaðri leið um Snæfjallaheiði.** MYNDIR/AÐSENDAR

# Atburður sem á að munast

## Bragi Hannibalsson skriftvélavirki setti nýlega upp minningarskjöld um fjóra menn sem týndu lífi í slysförum við Vébjarnarnúp við Ísafjarðardjúp fyrir hundrað árum.

Þetta skilti var búið til í samvinnu við Ólaf Jóhann Engilbertsson og föður hans Engilbert Ingvarsson frá Tyrðilmýri og er gert í nafni Snjáfjallaseturs. Ég sá um að setja það upp í haust á brún Stofuhlíðar við norðanvert Ísafjarðardjúp. Taldi mig hafa fundið staðinn þar sem landpósturinn Sumarliði Brandsson fór fram af, ásamt hesti sínum Sörla, í náttmyrkri og blindbyl 17. desember 1920,“ segir Bragi Hannibalsson um skjöld sem hann festi á stóran stein til að minnast þessa slyss og fleiri sem á eftir fylgdu. Mér finnst þetta vera atburður sem á að munast. Það var ekki bara að pósturinn færi fyrir björg heldur drukknuðu þrír þeirra fjögurra sem fóru að leita hans er þeir lentu í snjóflóði sem bar þá út í sjó. Minnstu munaði svo að þeir sem fóru að ná í líkin sjóleiðina færust líka, það kom svo vont brot á bátinn að hann fyllti næstum.“



**Bragi setti líka skilti með QR-kóða og GPS-hniti á þessa vörðu.**

Bragi notar þann hógværa titil skriftvélavirki í símaskránni og hefur líka verið leiðsögumaður hjá Ferðafélagi Íslands. Hann ólst upp á Hanhóli í Bolungarvík, hinum megin við Djúpið, frá Vébjarnarnúpi séð. „Ég heyrði frásögn af þessum atburði við Núpinn þegar ég var milli fimmtán ára og tvítugs og hef lesið hana síðar, meðal annars upphátt þegar ég hef verið fararstjóri um Hornstrandir. Einn hóp hef ég líka farið með yfir Snæfjallaheiði og út á brúnina og að sjálfsögðu rifjað þessa sögu upp. Hún er meðal annars höfð eftir Jóni Kristjánssyni sem var með Sumarliða pósti í hans hinstu för.“ Bragi segir mikinn berggang úti á brúninni sem heiti Stofa. Þar sé gat niður í sjó. „Jón hélt að Sumarliði hefði bara farið fram af smá barði en var svo heppinn að það rofaði aðeins til og þá sá hann gatið og áttaði sig á hvað hafði gerst. Ég tel að steinarnir sem hann talar um að hafa séð þegar hann hrökklaðist frá brúninni, séu þeir sem skjöldurinn er á.“

### Áletrunin á skiltinu:

Að kvöldi 17. desember 1920, í byl og náttmyrkri, féll Sumarliði Brandsson landpóstur hér fram af Núpnum ásamt hesti sínum Sörla. Daginn eftir fannst lík hans niðri í fjöru ásamt hræi hestsins. Snjóflóð féll þá í fjörunni á fjóra leitarmenn og hreif þá, ásamt líki Sumarliða og hræi hestsins, á haf út.

Þrír leitarmenn drukknuðu: Guðmundur Helgi Jósefsson, Bjarni Halldór Bjarnason og Pétur Pétursson. Lík þeirra fundust en lík Sumarliða aldrei.

Blessuð sé minning þeirra.

Bragi ákvað einnig að setja vegvísi á eina vörðu á Snæfjallaheiði, þar er GPS-staðsetning sem vísar á minnisvarðann í rúmlega kílómetra fjarlægð og í gegnum QR-kóða er líka hægt að lesa frásagnir af atburðunum. „Ég hugsa að þetta sé varðan sem Jón kom að. Það er magnað að hann skyldi hitta á hana í náttmyrkri og byl. Trúlega bjargaði það lífi hans því síðan náði hann að fylgja vörðum til byggða. Það var í raun kraftaverk því svo langt er á milli þeirra. Ég var sjálfur að verða dagþrota eftir að ég kom þessum skiltum fyrir og það var rétt svo að ég náði að fylgja vörðunum.“

**gun@frettabladid.is**



Elsku hjartans mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Hrafnhildur Baldvinsdóttir**
kennari,

lést á heimili sínu Grenihlíð, Austurbyggð 17, þann 14. desember. Útförin mun fara fram í Akureyrarkirkju þriðjudaginn 29. desember kl. 13.30. Vegna aðstæðna geta aðeins nánustu aðstandendur verið viðstaddir athöfnina en henni verður streymt á Facebook-síðunni: Jarðarfarir í Akureyrarkirkju – beinar útsendingar.

**Leifur Kristján Þorsteinsson** **María Þórðardóttir**
**Sigurbjörg Þorsteinsdóttir** **Haraldur Guðmundsson**
**Jón Rúnar Þorsteinsson** **Ásrún Elín Guðmundsdóttir**
**Sigrún Þorsteinsdóttir** **Ragnar Sverrisson**
**Sólveig Auður Þorsteinsdóttir** **Tryggvi Þór Gunnarsson**
**Sigurlína Arna Þorsteinsdóttir** **Bjarni Hallgrímsson**
**Sigríður Þorbjörg Þorsteinsdóttir** **Bjarni Bjarnason**
**ömmubörn, langömmubörn og fjölskyldur.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Jóhann Óskar Sigurðsson**
frá Stóra Kálfalæk,

lést á dvalarheimilinu Brákarhlíð í Borgarnesi, föstudaginn 18. desember. Útförin verður auglýst síðar.

**Lilja Jóhannsdóttir** **Guðmundur Þorgilsson**
**Sigurður Jóhannsson** **Ólöf Anna Guðbrandsdóttir**
**Andrés Björgvin Jóhannsson** **Hrafnhildur Sigurðardóttir**
**Guðrún Jóhannsdóttir**
**Steinunn Jóhannsdóttir** **Sigurður Ingvarsson**
**Jóhann Óskar Jóhannsson** **Guðrún Þorsteinsdóttir**
**Helga Jóhannsdóttir** **Ásbjörn Kjartan Pálsson**
**afabörn, langafabörn og langalangafabörn.**

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?
Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

## SAMSUNG GÆÐI OG FRÁBÆR VERÐ




QLED Q90T 75" verð áður kr. 699.900,-
TILBOÐ KR. **649.900,-**

QLED Q90T 65" verð áður kr. 479.900,-
TILBOÐ KR. **399.900,-**

QLED Q90T 55" verð áður kr.369.900,-
TILBOÐ KR. **319.900,-**

THE FRAME 55"
KR. **259.900,-**

## SAMSUNG BYLTING Í ÞVOTTATÆKJUM



KR. **139.900,-**
*ÞVOTTAVÉL 9 KG 1600 S Q Bubble & Eco Bubble með gufukerfi. Íslenskt stjórnborð. Orkunýting A+++*

KR. **129.900,-**
*ÞURRKARI 8 KG með rakaskynjara. Orkunýting A+++. Diamond tromla & 11 þurrkkerfi*

KR. **109.900,-**
*ÞVOTTAVÉL 7 KG & ÞURRKARI 5 KG með ecobubble, AddWash & Diamond tromla*

KR. **119.900,-**
*UPPÞVOTTAVÉL tekur 14 manna stell og 8 þvottakerfi. Sjálfvirk opnun eftir þvott. Orkunýtni A+++ og hljóðlát 42db.*

KR. **89.900,-**
*UPPÞVOTTAVÉL tekur 14 manna stell og 7 þvottakerfi. Orkunýtni A++ og hljóðlát 44db.*

Rakvélar fyrir dömur og herra, hárklippur og önnur hársnyrtitæki



15% afsláttur

Braun



til 9 L, 11 L , 13,5 L, 16 L og 19 L

Beka Allinox



15% afsláttur

til í 24 cm, 26 cm, 28 cm & 30 cm

Tefal

## BANG & OLUFSEN



Beosound A9
Verð frá 399.900 kr

Beoplay H95

Beosound A1 2nd gen.

Beosound 2

Beosound 1

Beosound Balance

vinsælt hjá 20 - 40 ára einstaklingum




Verð 11.490 kr

Nintendo leikjatalva




Nintendo Switch Leikir & aukahlutir

ein vinsælasta leikjatölva í heimi




2 litir fáanlegir

Nintendo Switch



15% afsláttur

Levenhuk



15% afsláttur

Klipsch

ormsson

Opnunartímar
22.12 frá kl. 10-19
23.12 frá kl. 10-21
24.12 frá kl. 10-12

**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON ÞRISTUR ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211 | OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300 | |

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
| --- | --- | --- |
| -3 °C 4 | -6 °C 11 | -4 °C 1 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl** | **Hveravellir** |
| -6 °C 4 | -5 °C 4 | -11 °C 6 |

Vestlæg átt, 5-13 í dag og él eftir hádegi norðan- og vestantil, fyrst á Vestfjörðum. Frost 3 til 14 stig, kaldast inn til landsins norðaustanlands, en 0 til 5 stiga frost vestast.



## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
| --- | --- | --- |
| 0 °C 2 | -7 °C 3 | -2 °C 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl** | **Hveravellir** |
| -3 °C 6 | -5 °C 6 | -14 °C 2 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
| --- | --- | --- |
| 9 °C 11 | 6 °C 5 | 2 °C 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl** | **Hveravellir** |
| 2 °C 6 | 1 °C 2 | -1 °C 15 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| | 5 | | 3 | | | | | 1 |
| | | 3 | 6 | 1 | | 2 | 9 | |
| 7 | | | 8 | | | | | |
| 4 | | 7 | | | | 6 | | |
| 3 | | | | 4 | | | 1 | |
| | 1 | | 2 | 3 | | 4 | | 5 |
| 5 | 7 | | | | | | 2 | 8 |
| | 8 | 2 | 1 | 7 | | 5 | | |
| | | 4 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 2 | | | 8 | 4 | | | | |
| 3 | | | | 5 | | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | 5 |
| | | 9 | 2 | | | 6 | 1 | |
| | | 3 | | | | | 2 | 7 |
| | 1 | | | 7 | 9 | 4 | | |
| | | 7 | 1 | | | 3 | 8 | |
| | | | 3 | 9 | | | 6 | |
| | | | | | 8 | 1 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| | | 5 | | | 6 | 7 | | |
| 1 | 2 | 9 | | 7 | | | 8 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 3 | | | | | | 4 | |
| | | 6 | | | | 9 | 5 | |
| 8 | | 7 | | 1 | | 3 | | |
| | | 4 | | 2 | 9 | | 6 | |
| 9 | | 1 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | | | | | 8 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 formun
5 gára
6 neytti
8 garmur
10 ryk
11 draup
12 búið
13 lofttegund
15 undirferli
17 álpast

**LÓÐRÉTT**
1 ávöxtur
2 ómögulegur
3 handfesta
4 ýtarlega
7 dyntur
9 slím
12 endafjöl
14 aftra
16 bráðræði

| | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 mótun, 5 ýfa, 6 át, 8 ræksni, 10 ar, 11 lak, 12 gert, 13 etan, 15 refjar, 17 flana.
**LÓÐRÉTT:** 1 mýraber, 2 ófær, 3 tak, 4 nánar, 7 tiktúra, 9 slenja, 12 gafl, 14 tef, 16 an.

## Skák Gunnar Björnsson

Jóhanna Björg Jóhannsdóttir (1.935) átti leik gegn Alskaya Kalaiyalahan (2.149) á EM taflfélaga í netskák um helgina.

**45...Re3+!** Skemmtileg peðsfórn. **46. Bxe3 fxe3 0-1.** Hvítur féll á tíma í leit sinni að vörn. Sennilega best að leik **47. Dxe3** en eftir **47...Hc2+ 48. Kg3 Hxb2** hefur svartur mikla yfirburði. Huginn stóð sig vel á mótinu og hafnaði í fjórða sæti í sínum undanrásariðli.

**www.skak.is:** Atskákmót Reykjavíkur á netinu í kvöld.

**Svartur á leik**



| | | | | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 7 | 6 | 9 | 4 | 3 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 3 | 8 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 4 | 7 |
| 1 | 4 | 2 | 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 3 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 3 | 9 |
| 8 | 5 | 7 | 1 | 9 | 3 | 2 | 6 | 4 |
| 9 | 2 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 5 | 1 |
| 2 | 3 | 8 | 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 |
| 6 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 | 5 |

| | | | | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 7 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 8 | 9 | 5 | 7 | 2 | 6 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 3 | 4 | 9 | 6 | 7 | 2 | 5 | 8 | 1 |
| 1 | 5 | 7 | 3 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 1 | 3 | 4 | 7 |
| 5 | 2 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 | 9 | 4 |
| 6 | 7 | 1 | 4 | 5 | 9 | 8 | 3 | 2 |
| 9 | 3 | 4 | 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 6 | 7 |
| 3 | 9 | 7 | 2 | 6 | 1 | 8 | 4 | 5 |
| 1 | 5 | 6 | 7 | 8 | 4 | 3 | 2 | 9 |
| 6 | 1 | 5 | 8 | 9 | 7 | 4 | 3 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 6 |
| 2 | 4 | 9 | 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 |
| 9 | 7 | 3 | 5 | 2 | 8 | 6 | 1 | 4 |
| 4 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 5 | 7 | 8 |
| 5 | 8 | 1 | 4 | 7 | 6 | 2 | 9 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.




## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Árni Thorlacius og Leifur Thorlacius með stórvirki Örnólfs Thorlacius sem nú er komið út. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Yfirgripsmikið verk um dýrafræði í tveimur bindum

**Dýraríkið eftir Örnólf Thorlacius er veglegt og ríkulega myndskreytt verk. Örnólfur lést árið 2017 og en hafði unnið lengi að bókinni. Afkomendur hans tóku að sér að ganga frá verkinu.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Dýraríkið eftir Örnólf Thorlacius er yfirgripsmikið verk um dýrafræði í tveimur bindum, prýtt fjölda mynda. Verkið er í senn fræðslurit og uppflettirit um undirstöður dýrafræðinnar, flokkun og einkenni dýra af öllum stærðum og gerðum.

Örnólfur Thorlacius lærði líffræði, efnafræði og dýrafræði í Háskólanum í Lundi í Svíþjóð. Hann skrifaði og þýddi bækur og sá lengi um sjónvarpsþáttinn Nýjasta tækni og vísindi sem var í mörg ár á dagskrá RÚV. Hann sinnti kennslu og var rektor í Menntaskólanum í Hamrahlíð. Örnólfur lést í byrjun árs 2017, 85 ára gamall. Textinn að meginmáli Dýraríkisins var þá tilbúinn. Sonur Örnólfs, Lárus Thorlacius eðlisfræðingur, og tveir sonarsynir, Árni Thorlacius lífefnafræðingur og Magnús Thorlacius líffræðingur, gengu síðan frá verkinu til útgáfu.

> ÞARNA ER FJALLAÐ UM HÁTT Á ANNAÐ ÞÚSUND DÝRATEGUNDIR OG SKIPAN ÞEIRRA Í ÆTTIR OG ÆTTBÁLKA OG SVO FRAMVEGIS.

**Mikið efni á löngum tíma**

„Okkar verkefni var annars vegar að fara vandlega yfir handritið og huga að samræmi í framsetningu og hins vegar að velja myndir og skrifa myndatexta," segir Lárus. „Af því að dýrafræðin er lifandi fag þurftum við líka að uppfæra ýmsar tölulegar upplýsingar, sem pabbi hefði annars gert, eins og fjölda þekktra dýrategunda innan mismunandi flokka og fylkinga. Sjálf flokkunarfræði dýraríkisins hefur líka verið að breytast mjög mikið á síðustu árum vegna nýrrar þekkingar úr sameindalíffræði. Við förum yfir textann með þetta í huga og það kallaði á breytingar hér og þar. Við gerðum líka ítarlega atriðisorðaskrá þar sem hægt er að fletta upp bæði latneskum og íslenskum heitum dýranna."

Lárus segir að faðir hans hafi unnið lengi að verkinu. „Upphaflega áttu þessi skrif hans að verða hluti af alfræðibókaútgáfu Menningarsjóðs, en það breyttist og á endanum ákvað pabbi að skrifa dýrafræðibók. Þegar ég var krakki vann hann að henni inni á milli annarra verka og hélt því áfram eftir að ég flutti að heiman. Hann safnaði saman miklu efni á löngum tíma. Eftir að hann hætti að kenna og fór á eftirlaun þá byrjaði hann aftur frá grunni að skrifa og úr því varð þessi bók sem nú er komin út."

Árni Thorlacius, barnabarn Örnólfs, segir: „Bókin er í sextán köflum. Hún byrjar á fræðilegum inngangi þar sem dýrafræðin er skilgreind. Eftir þennan almenna inngang er skipulega farið í gegnum dýraríkið, allt frá frumdýrum til stærstu spendýra. Þarna er fjallað um hátt á annað þúsund dýrategundir og skipan þeirra í ættir og ættbálka og svo framvegis. Við erum afskaplega glaðir að bókin skuli vera komin út og ánægðir með útkomuna. Þetta er mjög fallegt og veglegt verk."

# Jazz í Salnum streymir að þessu sinni fram

Tónleikar verða sýndir á Facebook-síðum Salarins og Jazz í Salnum í dag, þriðjudaginn 22. desember, klukkan 20 og milli jóla og nýárs mánudaginn 28. og 29. desember klukkan 20.

Multiverse kvartett trommuleikarans Scotts McLemore frumflytur fjórar nýjar tónsmíðar eftir Scott þriðjudaginn 22. desember. Auk Scotts skipa kvartettinn gítarleikararnir Hilmar Jensson og Andrés Þór og franski bassaleikarinn Nicolas Moreaux. Hljómdiskurinn Multiverse kom út árið 2018 og hlaut þrjár tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Efnið sem kvartettinn flytur nú verður hljóðritað fyrir Multiverse II útgáfu sem er væntanleg á næsta ári.



Sunna Gunnlaugsdóttir verður á tónleikum. MYND/AÐSEND

Enginn standard spuni er framreiddur af munnhörpuleikaranum Þorleifi Gauki Davíðssyni og píanistanum Davíð Þór Jónssyni verður á dagskrá milli jóla og nýárs.

Fjórði viðburðurinn er Fagra veröld Sunnu Gunnlaugs. Fyrir átján árum fékk Sunna Kristjönu Stefánsdóttur til liðs við sig er þær hljóðrituðu diskinn Fagra veröld. Nú dusta þær rykið af þessum tónsmíðum Sunnu við texta eftir hana sjálfa, Tómas Guðmundsson og Sofíu Thorarensen. Auk þeirra Sunnu og Kristjönu koma fram kontrabassaleikarinn Leifur Gunnarsson og trommuleikarinn Scott McLemore.

# Hvað á að gera við Afa?

**BÆKUR**

**Hilduleikur**
★★★☆☆
**Hlín Agnarsdóttir**

**Útgefandi:** Ormstunga
**Blaðsíðufjöldi:** 225




Aðalhugmyndin í nýrri bók Hlínar Agnarsdóttur, Hilduleik, minnir á eftirminnilega stiklu Fóstbræðra frá síðustu aldamótum þar sem framtíð Afa er ákveðin á afar kaldlyndan hátt, svo ekki sé meira sagt.

Í þeirri framtíðarsýn sem birtist í Hilduleik hefur þjóðin elst og upp hefur komið vandi er lýtur að málefnum eldri borgara. Íslensk stjórnvöld hafa boðið út málaflokkinn og er vandinn þannig einkavæddur. Það er fyrirtækið Futura Eterna sem hefur tekið að sér að leysa þetta mál og svo virðist sem samfélagið setji ekki frekari spurningarmerki við hvernig það er gert. Undir fyrirtækinu eru síðan margar deildir sem sjá um þau verkefni sem fylgja ellinni og dauðanum; húsnæði fyrir eldri borgara, jarðarfarir, greftrun, erfðamál og jafnvel minningar fólks.

Boðskapur skáldsögunnar fer ekki fram hjá lesendum, og er hnippt allrækilega í okkur um stöðu eldra fólks, aldursskeið sem í heimi Hilduleiks hefur fengið heitið „aflifunaraldurinn".

Dystópían sem birtist í bók Hlínar er fjölskrúðug og við lesendur fáum ekki endilega skýringar á því sem stingur í stúf við það sem við eigum að venjast. Sagan minnir að sumu leyti á hressilega spennusögu, þar sem margt er á huldu varðandi starfsemi Futura Eterna. En það er aðalpersónan Hilda sem heldur uppi sögunni. Hilda er eldri kona sem hefur átt ævintýraríkt líf og nýtur nú efri áranna með aðstoð ljóðskáldsins og húshjálparinnar Braga, en það er einmitt Bragi sem leiðir okkur í gegnum söguna. Þau passa illa inn í veruleikann sem þau lifa við, en mótstaða þeirra við ríkjandi ástand er smávægileg og lítt trúverðug ef lesendur setja sig í spor þeirra.

Hilda er vel undirbyggð sem persóna, og á það við um allt persónugalleríið. Andstæðurnar í karakter hennar og Jóhönnu, hinni pottþéttu tengdadóttur, eru sterkar og áhrifamiklar. Jóhanna stendur fyrir hraða og afköstum ofar öllu, í heimi sem metur dugnað fram yfir góðmennsku. Persónurnar birtast ljóslifandi eins og á leiksviði og það er í raun margt í Hilduleik sem væri gaman að sjá í sviðsetningu. Leikmyndin í íbúð Hildu, klæðnaður margra aukapersónanna og aðrar skrautlegar lýsingar myndu njóta sín í leikverki en koma ekki söguþræðinum beinlínis við þó að þessi smáatriði bæti við umgjörð og andrúmsloft sögunnar. Hlín tekst þó afar vel að minna okkur á hvað betur mætti fara í áherslum okkar í samfélaginu sem við tilheyrum í dag. Guðrún Baldvinsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Áhugaverð framtíðarsaga sem ætti mögulega frekar heima á leiksviði.






# GLÆNÝ UPPSKERA AF VÍNBERJUM

FERSKT MEÐ FLUGI



Jarðarber



Vínber Suður-Afríka rauð og græn

verð frá **1.049** kr/kg

FERSKT MEÐ FLUGI



Hindber

FERSKT MEÐ FLUGI



Rifsber

FERSKT MEÐ FLUGI



Bláber

FERSKT MEÐ FLUGI



Brómber



Ferskir villisveppir



Grænn og hvítur aspas



Blómkál



Rósakál

**299** kr/pk



Kartöflur frá Frakklandi Ratte, Jazzy, bláar og Amadine

verð frá **599** kr/pk



Rauðkál

**229** kr/kg




Gjöf sem gleður

# Meira úrval




Við höfum látið sérframleiða fyrir okkur tilbúna hnetusteik samkvæmt ströngustu gæðastöðlum. Við erum hæstánægð með útkomuna og bjóðum Hagkaups hnetusteikina velkomna í fjölskylduna

**1.799** kr/stk




**Tofurky Holiday Feast**

**4.799** kr/pk




**Hagkaup**
**Innbökuð vegan steik**

**1.299** kr/pk




**Junkyard**
**Jóla Neat - Loaf**

**2.799** kr/stk

**Junkyard**
**Gravy**

**1.199** kr/pk




**Hagkaup**
**Vegan Waldorf salat**

**679** kr/pk




**Hagkaup**
**Vegan villisveppasósa**

**979** kr/stk




**Spennandi ostakökur**
**frá Tofurky**

**2.799** kr/stk

HAGKAUP







# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## HRINGBRAUT

**20.00 Bókahornið** Bókahornið fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
**20.30 Lífið er lag** Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
**21.00 21 Jólaúrval** Samantekt úr bestu og áhugaverðustu viðtölunum úr Tuttuguogeinum frá liðnum sjónvarpsvetri.
**21.30 Skáldin lesa** Skáldin lesa er upplestrarhátíð rithöfunda í sjónvarpssal

## RÚV SJÓNVARP

**08.00 KrakkaRÚV**
**08.01 Sammi brunavörður**
**08.11 Múminálfarnir**
**08.33 Hið mikla Bé**
**08.55 Tölukubbar**
**09.00 Heimaleikfimi**
**09.10 Spaugstofan 2007 - 2008**
**09.35 Kastljós**
**09.50 Menningin**
**10.00 Landinn**
**10.35 Innlit til arkitekta**
**11.15 Íþróttaafrek sögunnar Steve Regrave og Jean van der Velde**
**11.40 Græn jól Susanne**
**11.45 Aðventutónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands**
**12.45 Heimaleikfimi**
**12.55 Menningin - samantekt**
**13.20 Á líðandi stundu 1986**
**14.50 Úr Gullkistu RÚV. Villt og grænt Rjúpa**
**15.15 Munaðarleysingjar í náttúrunni**
**16.05 Sætt og gott - jól**
**16.40 Síðbúið sólarlag. Jólaþáttur**
**17.20 Jóladagatalið. Snæholt**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Jóladagatalið - Jól í Snædal**
**18.25 Jólamolar KrakkaRÚV Jólasveinarnir 1989**
**18.36 Jólamolar KrakkaRÚV Jólatónlist**
**18.45 Erlen og Lúkas Er jólakötturinn til?**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.05 Heragi Tribal Boot Camp**
**21.00 Græn jól Susanne Susannes gröna jul**
**21.10 Ljósmóðirin. Jólin nálgast Call the Midwife. Xmas Special**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.25 Komdu heim Come Home** Leiknir þættir um Greg sem stendur eftir sem einstæður faðir þriggja barna þegar eiginkona hans til 19 ára yfirgefur þau að því er virðist upp úr þurru. Christopher Eccleston fer með hlutverk fjölskylduföðurins Gregs sem keppist við að halda fjölskyldunni saman.
**23.25 Svikamylla Bedrag III**
**00.20Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**09.00 PGA Tour 2020** Útsending frá The Zozo Championship.
**12.10 PGA Highlights 2020**
**13.00 PGA Tour 2020** Útsending frá Bermunda Championship.
**16.25 PGA Highlights 2020**
**17.15 European Tour 2020** Útsending frá Portugal Masters.
**21.30 European Tour 2020 - Highlights**
**21.55 LPGA Tour 2020**

## SJÓNVARP SÍMANS

**12.40 Legally Blonde 2. Red, White and Blonde**
**14.15 Bee Movie - ísl. tal**
**15.45 The Block**
**16.45 Forever My Girl**
**18.30 Jólatónleikar Siggu Beinteins 2017** Upptaka frá hátíðlegum og afar eftirminnilegum jólatónleikum Sigríðar Beinteinsdóttur sem haldnir voru í Eldborgarsal Hörpu í desember 2017. Sigga fyllir hjörtu tónleikagesta af gleði og kærleika mitt í jólaamstrinu með sinni fallegu rödd, gríni og glensi, einlægni og dillandi hlátri.
**20.00 The Block**
**21.00 Innan vi dör**
**22.00 Why Women Kill**
**22.45 The Nice Guys**
**00.40 Nostalgia**
**02.30 Inside Llewyn Davis**
**04.10 Gold Digger**
**05.05 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.03 Hádegið**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.42 Hádegiðeftir fréttir**
**13.00 Dánarfregnir**
**13.02 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Lofthelgin**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frjálsar hendur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Krakkakastið**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Jólakveðjur**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Jólakveðjur**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.50 In Her Shoes**
**11.00 The Big Sick**
**12.55 Ocean's Thirteen** Þriðja myndin um glæpagengi Dannys Ocean's sem ákveður enn og aftur að láta til skarar skríða og fremja stærsta ránið til þessa. Myndin skartar rétt eins og þær fyrri þekktustu leikurum Hollywood, George Clooney, Brad Pitt og Matt Damon.
**14.55 In Her Shoes**
**17.00 The Big Sick**
**19.00 Ocean's Thirteen**
**21.00 Man of Steel** Stórmynd frá 2013 um ungan mann með ofurkrafta. Hann kom frá framandi plánetu sem ungbarn og ólst upp á sveitabæ en komst fljótt að því að hann var öðruvísi en önnur born.
**23.15 Power Rangers**
**01.20 On Chesil Beach**
**03.05 Man of Steel**

## STÖÐ 2

**08.00 The Goldbergs**
**08.20 God Friended Me**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.20 Gilmore Girls**
**10.00 Ultimate Veg Jamie**
**10.45 First Dates**
**11.30 NCIS**
**12.10 Jóladagatal Árna í Árdal**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Aðventan með Völu Matt**
**13.20 Life and Birth**
**14.05 Eldhúsið hans Eyþórs**
**14.25 Your Home Made Perfect**
**15.25 Grand Designs**
**16.10 Veep**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Last Man Standing**
**19.30 Shark Tank**
**20.20 Hell's Kitchen USA**
**21.05 S.W.A.T.**
**21.50 Warrior**
**22.40 Christmas Festival of Ice**
**00.05 True Detective**
**00.55 True Detective**
**01.50 Bancroft**
**02.35 Bancroft**
**03.20 First Dates**
**04.10 NCIS**

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

**08.00 Barnaefni**
**20.00 Friends**
**20.25 Friends**
**20.50 Stelpurnar**
**21.10 The Bold Type**
**21.55 Game of Thrones**
**22.55 Game of Thrones**
**23.50 Slicon Valley**
**00.25 Friends**
**00.50 Friends**
**01.10 Stelpurnar**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.50 1 á 1 Eiður Smári Guðjohnsen**
**09.15 1 á 1 Freyr Alexandersson eftir EM**
**09.50 Bestir í Boltanum. Hetjan í Heerenveen**
**10.30 Manstu eftir Manchester United** Skemmtilegur spurningaleikur um enska boltann.
**11.10 KR - Stjarnan 2014**
**11.35 FH - Stjarnan 2014**
**12.05 Borgunarbikar kvenna 2013. Breiðablik - Þór/KA**
**14.15 David James**
**14.45 Eiður Smári Guðjohnsen**
**15.25 Sigurður Jónsson**
**16.10 Gunnleifur Gunnleifsson**
**16.35 Guðni Bergsson**
**17.10 Hermann Hreiðarsson**
**17.45 Martin Hermannsson**
**18.15 Sunna Tsunami**
**18.40 Rúrik Gíslason**
**19.10 Ólafía Þórunn Kristinsdóttir**
**19.45 Seinni bylgjan - karla**
**20.50 Real Valladolid - Barcelona** Bein útsending.
**22.55 Breiðablik - Stjarnan** Úrslitaleikur Mjólkurbikarsins árið 2018.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.00 Eibar - Real Madrid**
**09.40 Inter Milan - Spezia**
**11.20 NFL** Útsending frá leik í NFL.
**13.50 NFL** Útsending frá leik í NFL.
**16.25 Spænsku mörkin**
**17.20 Brentford - Newcastle** Bein útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**19.50 Arsenal - Manchester City** Bein útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**21.55 Elche - Osasuna**
**23.35 Valencia - Sevilla**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# SKATA

# 1.490 kr.kg



**TINDASKATA - STERK**
VESTFIRSK



**ÞORLÁKSMESSU SKATA-KÆST**
( MEST SELDA )



**ÞORLÁKSMESSU SKATA-STÓR**
SÉRVALIN

**OPIÐ**
9-20



Fiskikóngurinn
Sogavegi 3 • Höfðabakka 1
Sími 555 2800



# Ljúfar minningar frá jólalögum

Aðfangadagur nálgast óðfluga og varla hægt að stíga inn í verslun nema að heyra nokkur jólalög. Flestir eiga sínar minningar tengdar þeim og fékk Fréttablaðið nokkra aðila til að nefna sitt uppáhaldsjólalag.

Nú er jólavikan hafin og varla hægt að heyra tónlist nema hún sé tengt á einn eða annan hátt við jólin. Íslendingar hafa löngum verið duglegt að þýða erlend jólalög og hellast vafalaust minningar yfir marga við að heyra sum þeirra. Það er stórfurðuleg staðreynd að heil tónlistarstefna lifi í kringum þessa tvo mánuði.

**ÞETTA ER HLAÐBORÐ, EKKI AÐALRÉTTUR. ÞAÐ ER EKKI SÉNS AÐ VELJA BARA EITT.**

Dröfn

Það er þó ekki úr vegi að fá nokkra vel valda viðmælendur til að deila með okkur hvert þeirra uppáhalds jólalag er.

**steingerdur@frettabladid.is**



## Diljá Ámundadóttir

varaborgarfulltrúi Viðreisnar og jólabarn

Ég er afar hrifin af jólalögum og skammast mín ekkert fyrir það að byrja að spila þau í nóvember eða á „pre“-ventunni, sem fékk að heita glaðventan í ár.

Ég skipti jólalögum í nokkra flokka. Allt frá mjög hátíðlegum eins og Mahaliu Jackson til „guilty pleasures“ eins og Snjókorn falla með Ladda. Ég elska þegar hann syngur af innlifun „fagna sigri ljóssins“.

Ég held samt að það lag sem trónir alltaf hæst og gefur jólahjartanu gæsahúð ofan á gæsahúð sé Jólin jólin alls staðar með Ellý og Villa. Þetta „intró“ er bara svo marglaga fallegt. Ég á margar ljúfar minningar með þessu lagi.



## Ólafur Örn Ólafsson

veitingamaður og stjórnandi Kokkaflakks

Það er mjög mismunandi á milli ára og líka mismunandi eftir skapi, dögum, veðri og alls konar. Allt frá Tom Waits til Mariah Carey. En sú jólaplata sem á alltaf við og ég fæ aldrei nóg af er Soulful Christmas með James Brown og fyrsta lagið á hlið A er lag sem alltaf gerir allt betra og heitir Santa Claus Go Straight To The Ghetto.



## Dröfn Ösp Snorradóttir-Rozas

listrænn stjórnandi

Úff, fyrst þótti mér svo auðvelt að svara þessu og svo hugsaði ég þetta í hring, þá eru þau öll æði. Þótt ég sé desember-afmælisbarn sem er svolítið brennt af jólunum og sökum anna, prófa eða bara des-ves og enginn man eftir manni, þá er ég samt jólabarn. Fyrsta lagið sem kom upp í hugann er Þú komst með jólin til mín með Ruth Reginalds og Björgga og ég elska Last Christmas með Wham!, Þú og ég og jól með Svölu Björgvins, Christmas Time Is Here með Vince Guaraldi, jólaplöturnar með Sigurði Guðmunds og Siggu Thorl og allan Baggalúts-katalóginn en ég held mig við mitt fyrsta hugboð og Ruth og Bó standa. Þetta er hlaðborð, ekki aðalréttur. Það er ekki séns að velja bara eitt.



## Atli Viðar Þorsteinsson

plötusnúður

Ég held mikið upp á Christmas in Hollis með Run DMC. Heyrði það í fyrsta sinn þegar ég horfði á Die Hard alltof ungur og ég hafði bara aldrei heyrt jólalag sem var svona „öðruvísi“. Ég hef verið svona níu ára, bjó fyrir vestan og hafði varla heyrt rapptónlist, hvað þá jólarapplag, og það gersamlega sturlaði mig að það væri hægt að taka eitthvað jafn fullorðins og heilagt og snúa því á hvolf á þennan hátt.



## Berglind Pétursdóttir

sjónvarpskona

Þú komst með jólin til mín er langbesta jólalagið. Hið fullkomna lag til að hlusta á þegar maður kemur smá kenndur heim af jólaskemmtun.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is,* Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is,* Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is,* Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is,* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*





FJALLA KOFINN
SKÍÐAJÓL
SKÍÐABÚNAÐUR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
SKÍÐI SKÍÐASKÓR SKÍÐABINDINGAR
FJALLASKÍÐASKÓR SKÍÐAPOKAR
FJALLASKÍÐABINDINGAR
SKÍÐAHJÁLMAR
SKÍÐAHANSKAR FJALLASKÍÐI
SNJÓFLÓÐABAKPOKAR SKÍÐASOKKAR
SKÍÐAGLERAUGU GÖNGUSKÍÐI
GÖNGUSKÍÐASKÓR SKÍÐABAKPOKAR
GÖNGUSKÍÐASTAFIR SKÍÐASTAFIR
SKÍÐAFATNAÐUR
SKÍÐAPAKKAR MEÐ
20% AFSLÆTTI
Völkl Black Diamond SKÍÐI - FJALLASKÍÐI DALBELLO SCARPA SKÍÐASKÓR - FJALLASKÍÐASKÓR KOMPERDELL SKÍÐASTAFIR
MARKER FRITSCHI SKÍÐABINDINGAR - FJALLASKÍÐABINDINGAR Black Diamond PIEPS SNJÓFLÓÐABÚNAÐUR (ÝLIR, SKÓFLA, STÖNG, BAKPOKAR, O.FL.)
SMITH SKÍÐAHJÁLMAR – SKÍÐAGLERAUGU Julbo FJALLASKÍÐAHJÁLMAR - FJALLASKÍÐAGLERAUGU DAKINE SKÍÐATÖSKUR - SKÍÐAVETTLINGAR
TOKO ÁBURÐUR O.FL. FYRIR SKÍÐIN KÄSTLE SPORTEN GÖNGUSKÍÐI ALFA alpina GÖNGUSKÍÐASKÓR ROTTEFELLA GÖNGUSKÍÐABINDINGAR
Kringlan 7 I Laugavegur 11 I S: 510 9505 I fjallakofinn.is

# VIÐ HJÁLPUM ÞÉR AÐ FINNA RÉTTU GJÖFINA



NINTENDO
SWITCH
SWI32GBGREY SWI32GBNEON
63.995



NINTENDO
SWITCH LITE
SWILITEGREY SWILITECORAL SWILITETURQ
43.995



FREEGO
NUDDRÚLLA
WRB1870
11.995



POLAROID
PLAY 3D PENNI
POLFP2000
7.495



FREEGO
HYPER MASSAGE PRO 3 NUDDBYSSA
HMP3BLA HMP3GOL HMP3SIL
22.995



NESPRESSO
CITIZ KAFFIVÉL
EN167W
29.995



HAPPY PLUGS
AIR 1 PLUS
HEYRNARTÓL
HAPPYAIR1PLUSBLA
-WHI -WHIMAR -PIGO
14.990



CHILLY'S
VATNSFLÖSKUR
VERÐ FRÁ:
2.995



XIAOMI
M365 HLAUPAHJÓL
X1003 X1004
49.995



SENNHEISER
GSP301 LEIKJA-
HEYRNARTÓL
SEPCGSP301
16.995

ELKO



# FYRIR JÓLABÖRN Á ÖLLUM ALDRI

KAUPAUKI
SAMSUNG
GALAXY BUDS LIVE
SMR180NZKAEUB
39.995

SAMSUNG
GALAXY S20 FE
SMG780FBLU SMG780FGRE SMG780FPUR SMG780FRED
119.985



APPLE
AIRPODS PRO
ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL
MWP22ZMA
44.895



iPhone 12 mini

APPLE
iPHONE 12 MINI
SMGE23 MGE13 MGE03 MGDY3 MGDX3
139.995





NINJA
AUTI-IQ BLANDARI
BN495EU
15.995



SONOS
ONE SPEECHLESS
SONOSONESLBK
SONOSONESLWH
34.995



BABYLISS
ÞRÁÐLAUST SLÉTTUJÁRN
9000RU
39.995



## OPIÐ TIL 22:00 Í VERSLUNUM

Opið til 23:00 á Þorláksmessu og 13:00 á Aðfangadag

ELKO

# FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is







BAKÞANKAR


Hauks Arnar
Birgissonar




## Sóttkví-ði

Eini fyrirsjáanlegi kostur Kóvíð-jóla var að nú loksins myndi maður losna við að fá send símamyndbönd frá jólatónleikum. Til samræmis við allt annað á þessu skelfilega ári þá gekk það ekki einu sinni eftir. Nú sendir fólk í staðinn símamyndbönd af sjónvarpsútsendingum af jólatónleikum! Veiran virðist alltaf finna sér leið til að gera líf manns leiðinlegra.

Í haust bjó ég í hjólhýsi. Sitt hvora vikuna lifði ég eins og sígauni á bílaplaninu heima þegar mér var skipað í sóttkví. Börnin skildu kvöldmatinn eftir á tröppunum á hverju kvöldi og ég fylgdist með nágrönnunum keyra af stað í vinnuna á hverjum morgni. Ég bjó einn á götunni. Mér fannst þetta voðalega kósí og hugsaði mér gott til glóðarinnar. Þarna gæti ég sinnt hugðarefnum mínum í fullkominni ró án áreitis hversdagsins.

En svo var þetta alls ekkert sérstakt. Jú, jú, þetta var skondið fyrstu tvo dagana en svo súrnaði stemningin í einverunni, dag frá degi. Það er ekkert gaman að hanga einn, þegar maður á ekki annarra kosta völ. Ég var þó heppinn. Fyrir fólk sem ekki stendur á félagslega sterkum grunni þá er hræðilegt að lenda í sóttkví og yfir jólin er það væntanlega ömurlegt. Einmanaleikinn fær sterkustu hetjur til að bugast og það þarf sterk bein til að leiða myrkustu daga ársins hjá sér. Það er því ekki nóg að hugsa hlýtt til þeirra sem nú sitja einangraðir heima fyrir. Ef þið getið ekki heimsótt vini með tveggja metra fjarlægð þá skuluð þið taka upp símann og hafa samband. Ekki samt senda tónleikamyndbönd. Slík myndbönd hafa aldrei gert nokkrum gagn.













**A Promised Land**
Verð: 4.999.-




**Home Body**
**TILBOÐSVERÐ: 3.009.-**
Verð: 4.299.-




**The Kinfolk**
**TILBOÐSVERÐ: 6.299.-**
Verð: 8.999.-




**Dune**
**TILBOÐSVERÐ: 3.709.-**
Verð: 5.299.-

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON




**1** **Snerting**
Ólafur Jóhann Ólafsson




**2** **Vetrarmein**
Ragnar Jónasson




**3** **Þagnarmúr**
Arnaldur Indriðason




**4** **Bráðin**
Yrsa Sigurðardóttir




**5** **Gata mæðranna**
Kristín Marja Baldursdóttir




**6** **Dýralíf**
Auður Ava Ólafsdóttir




**7** **Spænska veikin**
Gunnar Þór Bjarnason




**8** **Fjarvera þín er myrkur**
Jón Kalman Stefánsson




**9** **Eldarnir**
Sigríður Hagalín Björnsdóttir




**10** **Sögur handa Kára**
Ólafur Ragnar Grímsson

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildir til og með 22. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# ÖLL PÚSLUSPIL

**30% AFSLÁTTUR**




# ÖLL SPIL

**20% AFSLÁTTUR**




**AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!**

# MEIRA ÚRVAL Á PENNINN.IS

## AFGREIÐSLUTÍMI VERSLANA: https://www.penninn.is/verslanir

Framúrskarandi fyrirtæki 2016 2020

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildir til og með 22. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.